**Menningar- og viðskiptaráðuneytið**
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

EFNI:
Spurningarlisti til hagsmunaaðila vegna fyrirhugaðrar innleiðingar á tilskipun (ESB) 2019/790 um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum

Myndstef – Myndhöfundasjóður Íslands svarar öllum spurningum spurningarlistans, en leggur þó áherslu á greinar DSM tilskipunarinnar sem tilgreindar eru í efnisyfirliti.

# Efnisyfirlit


Formáli ..... 2

Um umsagnaraðila – Myndstef ..... 2

3. og 4. gr. DSM tilskipunar – Undanþága vegna texta-og gagnanáms ..... 3

14. gr. DSM tilskipunar – Sjónlistaverk sem ekki njóta lengur höfundaverndar ..... 16

15. gr. DSM tilskipunar – Vernd útgefins fréttaefnis ..... 19

17. gr. DSM tilskipunar – Not höfundaréttarvarins efnis á netþjónustuveitum ..... 25

3. kafli IV. bálks DSM tilskipunar (18. – 23. gr.) – Ákvæði um sanngjarna þóknun í samningum við höfunda og listflytjendur um hagnýtingu ..... 31

## Formáli

Myndstef þakkar menningar-og viðskiptaráðuneytinu það tækifæri sem veitt er öllum samtökum rétthafa og hagsmunaaðila til samráðs.

DSM tilskipunin hefur að geyma mikilvæg réttindi og telur Myndstef að margt í tilskipuninni hvetji alla þátttakendur skapandi geirans til samtals og meira samráðs um málefni höfundaréttar. Einnig telur Myndstef að tilskipunin tryggi það að skapandi greinar á Íslandi geti haldið áfram að skapa næringu og tekjur fyrir alla sem hlut eiga að máli, sem og fyrir alla þá sem njóta, inn í ókomna framtíð.

Samtal og samstarf innan skapandi geirans, og þá kannski einkum milli rétthafasamtaka og þeirra sem fara helst með umsýslu höfundaréttarins, má alltaf bæta, opna og gera enn gagnsærra. Að mati Myndstefs mætti segja að hingað til hafi umsýsla höfundaréttar helst þótt of fastmótuð og óhagganleg, stjórnsýsla óskýr og fagið einkennst af framkvæmd sem orðin er úreld og/eða þarfnast naflaskoðunar. Fyrir vikið hefur samtal, stjórnsýsla, samningar og önnur atriði ekki reynst nægilega gagnsæ eða nægilega aðgengileg eða skýr þeim sem umsýslan á að þjóna – höfundum (rétthöfum) og notendum. Öll hvatning, reglur eða stefna, sem snýr að því að opna fagið og gera það gagnsærra og færa það nær höfundum og rétthöfunum sjálfum, er fagnaðarefni, að mati Myndstefs.

Hér að neðan eru ítarleg svör Myndstefs við spurningunum.

## Um umsagnaraðila – Myndstef

Myndstef – Myndhöfundarsjóður Íslands var stofnað árið 1991 og er stjórnað af stjórn sem samanstendur af fulltrúum aðildarfélaga Myndstefs. Tilgangur samtakanna er að fara með höfundarétt félagsmanna vegna opinberra endurbirtinga og sýninga á verkum þeirra og stuðla að almennri höfundaréttargæslu á þessu sviði.

Myndstef starfar innan marka íslenskra höfundalaga nr. 73/1972, laga um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019, og reglugerðar nr. 486/2001. Einnig lúta samtökum alþjóðlegum lögum og reglum um höfundarétt, sbr. Bernarsáttmálinn og tilskipunum Evrópusambandsins er snúa að höfundarétti. Myndstef hefur bráðabirgðaviðurkenningu ráðuneytisins til þess að gera samningaskvaðasamninga fyrir hönd myndhöfunda á grundvelli 4. mgr. 26. gr. a, sbr. 12. gr. b höfundalaga. Samtökin starfa að öðru leiti í samræmi við samþykktir og setja sína eigin gjaldskrá af félagsmönnum samtakanna, á aðalfundi ár hvert. Myndstef er aðili að íslensku samtökunum IHM og Fjölís, ásamt Evrópsku höfundaréttarsamtökunum EVA. Einnig á Myndstef sæti höfundaréttarráði Menningar-og viðskiptaráðuneytis og er aðili að Höfundaréttarfélagi Íslands. Myndstef á svo sæti í fulltrúaráði KÍM og í úthlutunarnefnd greiðslna fyrir afnot á bókasöfnum. Aðilar að samtökunum eru félög; myndlistarmanna, ljósmyndara, teiknara, leikmynda- og búningahöfunda, arkitekta, hönnuða og ýmissa annarra stofnanna og einstaklinga sem fara með höfundarétt myndverka.

Myndstef innheimtir þóknun fyrir notkun á höfundarétti og fylgirétt vegna endursölu verka myndhöfunda og greiðir til rétthafa. Samtökin eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Myndstef fylgist einnig með og leitast við að hafa áhrif á þróun laga og reglna svo og viðskiptahátta á þessu sviði og annast samningagerð félagsmanna við opinbera aðila og einkaaðila um höfundaréttarleg hagsmunamál félagsmanna. Myndstef veitir félagsmönnum sínum einnig lögfræðilega ráðgjöf varðandi höfundarétt og gerð samninga.

Allir meðlimir aðildarfélaga Myndstefs eru sjálfkrafa félagsmenn Myndstefs. Einnig er stór hluti félagsmanna Myndstefs með einstaklingsaðild utan aðildarfélaga. Skráðir félagsmenn í maí 2022 eru 2.690 talsins.

# 3. og 4. gr. DSM tilskipunar – Undanþága vegna texta-og gagnanáms

**Inngangur - Almennt um ákvæðin**

Myndstef fagnar þeim ákvæðum DSM sem snúa að því að auðvelda og auka mikilvægi starfsemi safna og annarra rannsóknar- og menningararfstofnanna, og telur að þörf sé á að gera undanþágur enn skýrari en jafnframt með því að tryggja rétt höfunda og annarra rétthafa.

Í þessu samhengi ber að geta að Myndstef er með samningskvaðasamninga á grundvelli 12. gr. b. höfundalaga, sem ber heitið: **„Samningur um eintakagerð og stafræna birtingu á afritum af safnkosti úr rafrænum safnmunaskrám“.** Myndstef og margar rannsóknar- og menningararfstofnanir á Íslandi hafa undirritað þennan samning. Þar má geta Þjóðminjasafns Íslands, Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur, Gerðarsafn, Gljúfrasteinn, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, ofl.

Um þessa samninga og ítarlegri upplýsingar má finna á heimasíðu Myndstefs.
Hér má sjá frétt um samningana, sem staðfestir voru og undirritaðir af Lilju Alfreðsdóttur, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, þann 20. desember 2018, https://myndstef.is/safnasamningar-undirritadir/ . Hér má sjá nánari upplýsingar um samningana, https://myndstef.is/notendur/samningskvod/safnasamningar/
Hér eru aðgengilegar enn ítarlegri upplýsingar um samningskvöð, gagnvart bæði notendum og rétthöfum, https://myndstef.is/notendur/samningskvod/og hér eru öllum aðgengileg samningsdrögin: https://myndstef.is/wp-content/uploads/2019/04/safnasamningur-stalaur-nota.pdf

Myndstef vekur athygli á því að ákvæði DSM tilskipunar sem snúa að starfsemi rannsóknar- eða menningararfstofnanna og veita mikilvæga undanþágu til að styrkja liðleika og hagkvæmni safna í sinni starfsemi, ættu þó ekki að ganga nærri þeim samningum eða grafa undan því kerfi sem þegar er við líði.

### 1. Ættu ákvæði 3. og 4. gr. tilskipunarinnar að taka til ljósmynda sem njóta verndar skv. 49. gr. höfl. þrátt fyrir að tilskipunin kveði ekki á um það?

Já, ef ætlunin er að lögfesta þessa undanþágu í II. kafla höfundalaga, þá myndi ætla að hún tæki til slíkra ljósmynda sjálfkrafa með þeirri lögfestingu, enda er enginn eðlismunur eða réttarmunur á ljósmyndum sem listaverkum skv. 1. gr. höfl, og ljósmyndum sem falla undir þessa vernd, nema verndartíminn og eflaust ófjárhagslegi rétturinn.

Ef ekki stendur til að lögfesta undanþáguna í II. kafla, þá er í raun ekki um raunhæft álitamál að ræða, þar sem texta- og gagnanám er hvort eð er ekki opinber birting/notkun. Eftirgerðin er gerð í þröngt skilgreindum tilgangi til að ná markmiðum í þágu vísindarannsókna og einungis gefin til rannsóknar- og menningararfstofnanna, ef þær stofnanir hafa fengið aðgang að efninu löglega. Væri þá eðlilegt að öll verk slíkra stofnanna, þ.e.a.s. allar ljósmyndir, óháð einhverjum óljósum, matskenndum og óskýrum matskvarða á hversu „listrænar“ þær ljósmyndir væru, féllu undir ákvæðin. Þess skal getið að Myndstef hefur notað það viðmið að ljósmynd njóti frekar vafans sem listaverk, en hitt, þegar mörkin þarna á milli eru ójós.

Myndstef vill í þessu ljósi vekja sérstaka athygli á því að mikilvægt er með innleiðingu tilskipunarinnar inn í íslenskan rétt, að rýra ekki á neinn hátt gildi og vernd ljósmynda sem kunna að falla undir 49. gr. höfl. Þetta skiptir ekki eingöngu máli vegna 3. og 4. gr. tilskipunarinnar, heldur einnig vegna annarra undanþága í henni, sbr. 5., 6. og 14. gr., en sérstaklega vegna og 15. og 17. gr. Það er mikilvægt að slíkar ljósmyndir falli einnig undir það efni sem útgefendur fréttaefnis geta

endurnotað, sem og efnis- og þjónustuveitur, gegn þar til skildum leyfum og eftir nánari skilyrðum og atvikum 15. og 17. gr.

### 2. Ætti að túlka ákvæði 3. og 4. gr. tilskipunarinnar með þeim hætti að þær taki til nota á öllu efni sem er aðgengilegt öllum á netinu án sérstakra aðgangstakmarkana.

Það þarf að vera skilyrði um að aðgengi hafi verið fengið löglega. Sem sagt að efnið sé löglega birt/dreift/gert eintak af. Ef aðgangstakmarkanir fylgja efni, þýðir það að þær eftirgerðir og útdrættir sem gerðar eru af þess konar efni, eru ekki lögleg eintök af efninu, og falla því ekki undir undanþáguna í 3. og 4. gr.

### 3. Hvaða aðgerðir ættu að geta fallið undir ráðstafanir sem rétthöfum er heimilt að grípa til „til að tryggja öryggi og réttleika kerfa og gagnagrunna“, sbr. 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar?

Hér er eflaust m.a. átt við um tækni tengda gervigreind sem getur til dæmis reiknað út fjölda aðgangsbeiðna eða eintaka/niðurhals, og er hér um tæknilega útfærslur að ræða. Þessar útfærslur og þær aðgerðir sem gætu nýst rétthöfum, eru að öllum líkindum aðgerðir sem hægt er að koma á í skráningarkerfi viðkomandi stofnunar. Það væri ekki vitlaust að bæta við skýringum um það í greinargerð með innleiðingu á tilskipuninni, að rík skylda væri á þeim stofnunum sem nýta sér 3. og 4. gr. til að skrá og halda saman slíkum upplýsingum á viðundandi og gagnsæan hátt. Þær eiga að tryggja það að fullnægjandi upplýsingar séu settar inn í skráningarkerfi til að slík kerfi geti sinnt hlutverki sínu og að upplýsingar þar séu réttar, og að réttindi allra rétthafa séu tryggð og örugg. Það hefur virkilega skort á að slík skráningarkerfi séu nægilega ítarleg hér á landi svo hægt sé að sannprófa og taka viðeigandi upplýsingar úr kerfunum, t.d. til að tryggja réttleika þeirra. Formálsgrein 16 skilgreinir þetta ágætlega:

*“Í ljósi hugsanlega mikils fjölda beiðna um aðgang að verkum rétthafa og öðru efni og niðurhals á þeim ætti rétthöfum að vera heimilt að gera ráðstafanir þegar hætta er á að öryggi og réttleika kerfa þeirra eða gagnagrunna sé teflt í tvísýnu. Til dæmis mætti beita slíkum ráðstöfunum til að tryggja að einungis aðilar sem hafa lögmætan aðgang að gögnum þeirra geti haft aðgang að þeim, m.a. með sannprófun IP-vistfangs eða sannvottun notanda. Þessar ráðstafanir ættu að vera í réttu hlutfalli við áhættu og ættu ekki að ganga lengra en nauðsynlegt er í þeim tilgangi að tryggja öryggi og réttleika kerfisins og ættu ekki að grafa undan skilvirkri beitingu undanþágunnar.“*

Að lokum skal þess getið að þær ráðstafanir sem rétthöfum er heimilt að grípa til, skv. 3. mgr., eru vegna aðgerða tengda efni undanþágunnar en ekki vegna fjárhagslegs ávinnings rétthafa. Að auki skal tekið fram að ef þessar aðgerðir geti leitt til tjóns fyrir rétthafa, skal ekki greiða bætur.

### 4. Fela 3. og 4. gr. tilskipunarinnar í sér heimild til að setja efni á stafrænt form til að geta nýtt það í texta- og gagnanám? Er munur á 3. og 4. gr. hvað það varðar?

Að mati Myndstefs er ekki nægilega skýrt með tilskipuninni hvort slík heimild felist í undanþágunni en það þætti Myndstef stríða mjög gegn efni og tilgangi þessarar undanþágu – sem ber að skýra þröngt, og þá sérstaklega þar sem ekki er gert ráð fyrir endurgjaldi fyrir þessa heimild. Ef stofnanir færa efni yfir á stafrænt form í þeim eina tilgangi að geta nýtt sér texta- og gagnanám, þá er sú aðgerð komin út fyrir undanþáguna, og sérstaklega hvað varðar hina almennu heimild í 4. gr. Vel getur verið að vissar aðgerðir þeirra stofnanna sem um ræðir í 3. gr. réttlæti það að setja efnið fyrst á stafrænt form (t.d. vegna undirbúnings og varðveislu), en það ætti eins og fyrr segir að túlka þröngt. Það þarf að skoða hér og almennt við innleiðingu á 3. og 4. gr., að þó 4. gr. veiti aðgang til fleiri notanda, þá er efni hennar og gildissvið þrengra.

Hér þarf að huga að þeim tæknibreytingum sem hafa orðið með gervigreind, og þeim fjölmörgu forritum sem hafa komið á markað í dag, og koma eflaust á markað í framtíðinni, sem gera það kleift að afrita efni í texta- og gagnanámi á mjög auðveldan hátt. Hér þarf að huga að þeim tilvikum þegar

slík gervigreind „skapar“ mögulega nýtt verk, og hvað verður þá um eldra verkið og höfundarétt að einstaka verkum eða einstaka framlagi inn í afritinu?

### 5. Hvernig er hægt að koma á sameiginlegum staðli fyrir texta- og gagnanám?

Það væri mjög æskilegt, amk hér á Íslandi, að koma á slíkum sameiginlegum staðli, þar sem markaður er lítill og framkvæmd eftir þessum ákvæðum er bundinn við fáar stofnanir hér á landi. Í formálagrein 14, segir: *„Aðildarríkjunum ætti að vera frjálst að ákveða, á landsvísu og að loknum viðræðum við viðeigandi hagsmunaaðila, frekara sérstakt fyrirkomulag við að varðveita eintökin, þ.m.t. getu til að tilnefna áreiðanlega aðila til vörslu eintakanna“*.

Við hér á Íslandi ættum að nýta okkur þessa heimild, enda viðræður hér á landi tiltölulegar einfaldar og skilvirkar, aðgengi að rétthöfum og stofnunum gott, sem og aðrir ferlar oft skilvirkir sem snúa að sérstöku fyrirkomulagi. Við erum því í ákveðinni sérstöðu hér á landi, vegna smæðar, og því ætti að nýta slíkt til uppbyggjandi samtals og samráðs.

### 6. Tekur 3. gr. í einhverjum tilvikum til annarra aðila en rannsóknarstofnana og menningararfsstofnana? Er þá átt við hvort opinberir aðilar eða einkaaðilar í samstarfi við slíkar stofnanir geti nýtt sér undanþáguna.

Þær stofnanir sem um ræðir eru skilgreindar í tilskipuninni sjálfri, sbr. 2. gr. Enn fremur eru formálsgrein 12 nokkuð skýr varðandi þetta, en þar segir um þessi skil: *„Þrátt fyrir mismunandi félags- og rekstrarform að lögum eiga rannsóknarstofnanir í aðildarríkjunum það yfirleitt sameiginlegt að annaðhvort starfa þær ekki í hagnaðarskyni eða þær gegna hlutverki í almannaþágu sem viður kennt er af ríkinu. Slíkt hlutverk í almannaþágu gæti t.d. endurspeglast í opinberri fjármögnun eða í ákvæðum í landslögum eða opinberum samningum. Þegar atvinnufyrirtæki hafa afgerandi áhrif á stofnanir og það færir þeim yfirráð í krafti rekstraraðstæðna, s.s. vegna þess að þau eru hluthafar eða aðilar, sem gæti haft í för með sér að þau fengju forgangsaðgang að niðurstöðum rannsókna, ættu slíkar stofnanir á hinn bóginn ekki að teljast til rannsóknarstofnana að því er varðar þessa tilskipun“*.

Samstarfsverkefni opinberra og einkaaðila er þó ekki útilokuð, sjá formálagrein 11, en þó þarf að vera skýrt hvernig samstarf um ræðir og að það sé ekki um að ræða vettvang/stofnun/fyrirtæki sem taki þátt á almennum markaði. Hér telur Myndstef því þurfa að meta hverju sinni hvort “stofnanir” séu taldar vera á almennum samkeppnismarkaði. Ljóst er að undanþágan tekur ekki til fjölmiðla á almennum markaði, en þó er stóra spurning hvort undanþágan geti tekið til “opinberra” fjölmiðla eins og Ríkisútvarpið (RÚV)? Ef RÚV fellur ekki undir 3. gr. gæti miðillinn þá nýtt sér 4. gr?

Hvað með aðra fjölmiðla – geta þeir nýtt sér 4. gr.?

Hvað með stofnanir sem “hýsa” menningarstarfsemi, geta þær talist „menningararfstofnanir“ þó þær séu eru ekki sjálfar skilgreindar sem svo? Eins og sarpur.is, sem hýsir vefsvæði og safneign íslenskra listasafna, menningarstofnanna og byggðarsafna. Hvað með miðstöðvar skapandi greina (Kvikmyndamiðstöð Íslands (KMÍ), Miðstöð hönnunar og arkitektúrs (MHA), Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar (KÍM) og Útón). Hér þarf að girða fyrir að stofnanir sem hingað til nota efni í rannsóknar og vísindaskyni, en greiða fyrir þau not, geti endurskilgreint sig til þess að freista þess að undanþágan nái til þeirra.

Það ætti að vera tiltölulega einfalt að taka á þessum mörkum og þessum tilfellum með upptalningu í greinargerð þar sem það svið og þær stofnanir sem tilskipunin tekur til hér á landi eru ekki margar og auðvelt að setja þarna skýr skil. Til dæmis væri hægt að miða við þá skilgreiningu sem er í 12. gr. höfl. og láta þær stofnanir sem eru tilgreindar þar teljast vera „menningararfstofnanir“.

Hér er þá spurning hvort ekki þurfi að bæta við í upptalninguna í 12. gr. höfl.: „varðveislustofnun mynd- og hljóðefnis," sbr. 3. mgr. 2. gr. DSM tilskipunar:

> *„menningararfsstofnun": bókasafn eða safn sem almenningur hefur aðgang að, skjalasafn eða* ***varðveislustofnun mynd- og hljóðefnis.***

## 7. Hvaða reglur ættu að gilda um varðveislu eintaka sem gerð hafa verið með heimild í 3. og 4. gr.?

Í formálagrein 18 er eitthvað tekið á þessu, en þar segir: *"Auk þess að vera mikilvæg í sambandi við vísindarannsóknir er texta- og gagnanámstækni víða notuð af einkaaðilum og opinberum aðilum til að greina mikið magn gagna á ýmsum sviðum og í margskonar tilgangi, m.a. í opinberri þjónustu, við töku flókinna viðskiptaákvarðana og við þróun á nýjum hugbúnaði eða tækni. Rétthafar ættu áfram að geta veitt nytja leyfi fyrir þau not verka sinna eða annars efnis sem falla utan gildissviðs skyldubundnu undanþágunnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun vegna texta- og gagnanáms í þágu vísindarannsókna, sem og gildandi undanþága og takmarkana sem kveðið er á um í tilskipun 2001/29/EB. Jafnframt ætti að taka tillit til þess að þeir sem beita texta- og gagnanámi gætu staðið frammi fyrir réttaróvissu um hvort gera megi eftirgerðir og útdrætti úr verkum eða öðru efni, sem þeir hafa lög mætan aðgang að, vegna texta- og gagnanáms, einkum þegar eftirgerðir eða útdrættir sem gerðir eru vegna tækni vinnslunnar fullnægja ekki öllum skilyrðum gildandi undanþágu vegna tímabundinna aðgerða til eftirgerðar sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29/EB. Til þess að auka réttarvissu í slíkum tilvikum og einnig til að hvetja til nýsköpunar í einkageiranum ætti þessi tilskipun að kveða á um, með tilteknum skilyrðum, undanþágu eða takmörkun vegna eftirgerða og útdrátta úr verkum eða öðru efni vegna texta- og gagnanáms og heimila að eintök sem gerð eru séu varðveitt eins lengi og nauðsyn krefur vegna slíks texta- og gagnanáms. […] Þegar um er að ræða efni sem hefur verið gert aðgengilegt almenningi á netinu ætti aðeins að teljast tilhlýðilegt að slíkur réttur sé áskilinn með tölvulesanlegum hætti, þ.m.t. í lýsigögnum og skilmálum og skilyrðum vefseturs eða þjónustu. Áskilnaður um rétt að því er varðar texta- og gagnanám ætti ekki að hafa áhrif á aðra notkun. Í öðrum tilvikum getur talist tilhlýðilegt að áskilja rétt eftir öðrum leiðum, s.s. með samningi eða einhliða yfirlýsingu. Rétthafar ættu einnig að geta gert ráðstafanir til að tryggja að áskilnaður þeirra að því er þetta varðar sé virtur. Þessi undanþága eða takmörkun ætti hvorki að hafa áhrif á skyldubundnu undanþáguna vegna texta- og gagnanáms í þágu vísindarannsókna sem kveðið er á um í þessari tilskipun né á gildandi undanþágu vegna tímabundinna aðgerða til eftirgerðar sem kveðið er á um í 1. mgr 5. gr. tilskipunar 2001/29/EB".*

Myndstef telur ljóst að einhverjar samræmdar reglur verði að gilda um varðveislu eintakanna, t.d. form þeirra (hráskrár/"export"/stærð/upplausn) og einnig tímabil varðveislu og tegund hýsingar. Myndstef viðurkennir að rannsóknir krefjast þess venjulega að gögn séu aðgengileg vegna staðfestu og tilvitnunar í heimildir, en þó sé hægt að finna þarna milliveg.

## 8. Er ástæða til að setja sérstakar reglur um almennt viðurkenndar bestu starfsvenjur sem rétthafar, rannsóknarstofnanir og menningararfsstofnanir skulu fylgja þegar framkvæmdar eru skyldur og ráðstafanir sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 3. gr

Já, sbr. það sem Myndstef nefnir hér að ofan. Það ætti að gera áskilnað um að stofnun tilkynni það sérstaklega ef hún er að nota undanþáguna, og skilgreini og gefi upplýsingar um í hvaða tilgangi, í hvaða formi, og hversu lengi efnið verði geymt. Að auki ætti skilvirkt skráningarkerfi að gilda um texta- og ganganámið.

Hér og að lokum vill Myndstef einnig bæta við í sambandi við 4. gr., að þetta orðalag um 4. gr. er svolítið villandi – sérstaklega seinni málsliður setningarinnar: *„Í ákvæðinu er að finna almenna undanþágu vegna texta- og gagnanáms sem er ekki bundin við rannsóknar- eða menntastofnanir, en byggir á því að rétthafi hafi ekki lagt bann við slíkri notkun."*

Það bann sem rétthafar geti lagt við notum, er talin vera svokölluð „opt-out“ bann. Það þýðir að undanþágan gildir NEMA höfundar hafi lagt bann við slíku. Undanþágan byggir því ekki á því að rétthafi hafi **ekki** lagt bann við slíkri notkun, heldur gildir undanþágan, **nema** rétthafi hafi lagt bann við slíkri notkun.

Það er ekki alveg ljóst í tilskipuninni hvernig skuli haga slíku „opt-out“ banni. Mikilvægt er að það sé gerð rík skylda á að stofnun tilkynni það skýrt og sýnilega um að viðkomandi stofnun noti 3. og 4. gr., t.d. á heimasíðu stofnuna, gefi upplýsingar um í hvaða tilgangi, í hvaða formi, og hversu lengi efnið verði geymt, og einnig gefi upplýsingar um hvernig rétthafar geti „opt-out“. Það er einnig mikilvægt að það sé skýrt að rétthafar geti merkt verk sín sjálfir, með ákveðnu „metadata“ eða öðrum aðferðum.

## *5. gr. tilskipunar – Undanþága vegna stafrænna nota, þ.m.t. nota yfir landamæri, á vegum menntastofnana.*

9. Tilskipunin heimilar að kveðið sé á um að tiltekin verk eða tiltekin not séu undanskilin þeirri heimild sem ákvæðið veitir, svo sem nótnablöð eða efni sem er einkum ætlað menntastofnunum og að því marki sem nytjaleyfi sem heimila aðgerðirnar eru auðfengin á markaði. Ætti að undanskilja ákveðin verk eða not frá undanþágunni? Ef svo er hvaða verk eða not væri þar um að ræða og hvaða rök ættu við slík tilfelli? Sjá t.d. samningskvaðaheimildir í 18. gr. höfl. og 2. mgr. 26. gr. a höfl.

Já, eflaust ætti að gera slíkt til að taka af allan vafa í þeim efnum. Endurnot (eftirgerð, ljósritun, skönnun) höfundavarins efnis til kennslu er heimilað með Fjölís samningum, frá 29. ágúst 2019. Þótt höfl. innihaldi ekki beina heimild í lögunum í dag til slíkrar samningsgerðar, þá hefur hingað til verið notuð 15. gr. höfl. (fyrir breytingar höfl., árið 2016) og nú 18. gr. sbr. 26. gr. a. höfundalaga. Hefur sú venja verið lengi við líði hér á landi, við ágætan árangur, og aðeins góðar og gildar ástæður ættu að geta snúið við þeirri þróun sem höfundar og rétthafar hafa barist fyrir í áraraðir. Sameiginleg umsýsla höfundaréttar á Ísland, er afar mikilvæg – þar sem rétthafasamtök eru oft lítil og slík tilhögun gerir öllum kleift að sitja við sama borð.

Að mati Myndstefs ætti ekki að breyta því eða flækja það kerfi og þá sérstaklega ekki að taka þar skref til baka. Það mætti til dæmis innleiða 5(1) sem samningskvöð um þessi efni, þ.e.a.s. þau svið sem falla utan Fjölís samninga og afmarka vel hvað eigi þar undir og hvað ekki, og mættu bætur greiðast úr ríkissjóði. Þannig yrði sú heimild sem er í 5(2) nýtt.

Það þarf einnig að horfa til gífurlegrar aukningar á notkun hljóð- og myndmiðlaverka, (enska: audio-visual works) við kennslu hvers konar, sem og myndskreytinga, kvikunar og „lifandi“ teikninga hvers konar. Fjölís samningar taka einungis til starfrænnar eftirgerðar á útgefnu efni á prentformi og því eru engar greiðslur eða bætur sem koma fyrir þessi not. Vonandi verður hægt að nota þær breytingar sem koma til með að vera gerðar nú á höfundalögum, til að leysa úr því efni, en slík not ættu ekki að falla undir 5. gr. – enda ættu slík nytjaleyfi að vera auðfengin á markaðinum, sbr. orðalag 5(2) og þá eflaust á grundvelli 4. mgr. 14. gr. núgildandi höfl, með samningskvaðasamningi við viðeigandi umsýslustofnun, og gegn greiðslu þóknunar/bóta.

10. Hvaða sjónarmið ætti að leggja til grundvallar um það hvað teljist not „til skýringar“ við kennslu?

Hér ætti til dæmis að miða við not sem eiga sér stað innan kennslustofa, á kennslutíma og vera viðbótagögn við kennsluna sjálfa. Núverandi samningskvaðasamningur Fjölís heimilar miðlun eintaka af stafrænu efni í gegnum kennsluvef, stafræna dreifingu til nemenda með tölvupósti og vistun efnis

í rafrænum gagnagrunnum skólanna. Hann tekur ekki til námskeiða ef innheimt eru námskeiðsgjöld og nær ekki yfir kvikmyndir eða hljóðrit. Það er því spurning hvaða samningar og leyfi gilda um slík not, og hvort slík not teljist „til skýringa“ við kennslu – sbr. einnig fjarkennslu og stafrænnar kennslu, sem og kennslu yfir landamæri – eins og fyrr segir. Það er mikilvægt að mati Myndstefs að hafa þá undanþágu sem felst í 5. gr. þrönga, og hún sé nánar skilgreind, með tilliti til þeirrar framkvæmdar sem nú er við líði, en einnig með tilliti til þeirra réttinda sem á eftir að semja um.

### 11. Á að kveða á um bætur fyrir not á grundvelli undanþágu sem sett yrði skv. 5. gr. tilskipunarinnar, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr.? Skiptir máli í því sambandi hvort undanþágan verði takmörkuð við verk eða not sem ekki er hægt að fá samningskvaðaleyfi fyrir?

Já, það ættu að koma bætur fyrir notin og mjög mikilvægt að slíkt sé gert, en einnig að ákvæðið sé innleitt sem samningskvöð, þar sem rétthafar bera sameiginlega umsýslu. Hugmynd gæti verið að bætur vegna 5. gr. kæmu frá ríkissjóði, eins og fyrr segir í umsögn og svörum við spurningu nr. 9?

### 12. Ef settar yrðu undanþágur til viðbótar við samningskvaðaleyfi hvernig er hægt að meta hvort not á grundvelli undanþágu skaði rétthafa og hversu mikill þyrfti tjónið að vera til þess að ákvarðaðar verði bætur?

Þetta er alltaf mat sem þarf að fara fram og eðlilegra að mati Myndstefs að líta á tjón rétthafa sem mælikvarðann „***skerðing á fjárhagslegum réttindum höfundar“***, frekar en beint fjárhagslegt tjón, eða með öðrum orðum að tjón sé vegna þess að lögbundinn einkaréttur höfundar sé skertur eða takmarkaður.

Beint fjárhagslegt tjón og sú matsstika sem það hefur í för með sér er að verða fremur úrelt í heimi tækni við eintakagerð og internetsins í dag. Það er erfitt að sanna beint og óbeint tjón í heimi tækninnar í dag, og enn erfiðara að sýna fram á bein „lögleg“ not og beint tjón af því. Í dag á eintakagerðin helst sér stað í vélabúnaði, jafnvel með gervigreind, í gríðarlegu miklu magni, innan veggja stofnanna og birtist og læðist inn á netið eða á annan hátt inn á „lokaðar“ samskiptasíður og hópa, sem þó hafa að geyma mörg þúsund manns. Þetta umhverfi er orðið svo breytt að hugtökin „skaði“ og „tjón“ fyrir rétthafa eru í raun ekki til í dag og er samanburður á því hvenær rétthafi verður þá fyrir tjóni og hvenær ekki er orðinn mjög matskenndur og teygjanlegur. Því ætti rétthafi alltaf að njóta vafans og ættu fremur að koma einhver lágmarksþóknun/bætur vegna takmarkanna, jafnvel nokkrar krónur frá ríkissjóði, frekar en engar bætur.

### 13. Ættu ákvæði 5. gr. tilskipunarinnar að taka til ljósmynda sem njóta verndar skv. 49. gr. höfl. þrátt fyrir að tilskipunin kveði ekki á um það?

Já, með sömu rökum og í spurningu nr. 1.

### 14. Er ástæða til að fastsetja hversu stóran hlut einstakra tegunda verka megi nota á grundvelli undanþágunnar, sbr. formálsgrein 21 í tilskipuninni?

Já. Í raun svipað og Fjölís samningarnir gera nú. Í formálagrein 21 segir: *„Líta ætti svo á að sú undanþága eða takmörkun sem kveðið er á um í þessari tilskipun í þeim tilgangi einvörðungu að nota til skýringar við kennslu, nái yfir stafræn afnot af verkum eða öðru efni til að styðja við, auðga eða bæta við kennsluna og námsstarfið. Dreifing hugbúnaðar sem leyfð er samkvæmt þessari undanþágu eða takmörkun ætti að takmarkast við stafræna yfirfærslu hugbúnaðar. Í flestum tilvikum myndi þetta því einvörðungu fela í sér notkun á hlutum verka eða útdráttum úr þeim, sem ætti ekki að koma í stað kaupa á efni sem einkum er ætlað menntamarkaðnum. Þegar aðildarríki koma undanþágunni eða takmörkuninni í framkvæmd ætti þeim að vera frjálst, fyrir mismunandi gerðir verka eða annars efnis, að tilgreina, þannig að jafnvægis sé gætt, hve stóran hluta verks eða annars efnis megi nota í þeim tilgangi einvörðungu að nota til skýringar við kennslu. Líta ætti svo á að*

*notkun sem heimil er samkvæmt undanþágunni eða takmörkuninni nái yfir afnot sem taka tillit til sértækra aðgengisþarfa fólks með fötlun í tengslum við skýringar við kennslu“.*

### 15. Á að takmarka undanþáguna við birt verk eða útgefin, sbr. 3. gr. höfl.?

Nei, sbr. framkomnar röksemdir um eðli sjónlistarverka og einnig svar við spurningu nr. 24, og óvissu um hvort og þá hvenær slík verk séu birt eða útgefin.

## *6. gr. tilskipunar – Undanþága til eintakagerðar*

### 16. Er þörf á breytingum á 12. gr. höfl., sem fjallar m.a. um eintakagerð safna á verkum í varðveislu- og öryggisskyni, til að innleiða 6. gr. tilskipunarinnar?

Myndstef telur ekki þörf á því. Mikilvægast er þó að skilgreina hugtakið „menningararfstofnanir“ til þess að láta 12. gr. höfl. og 6. gr. tilskipunarinnar tala saman. Sjá svör við spurningu nr. 17 og inngangsorð og upplýsingar hér að ofan um þá samningskvaðasamninga sem Myndstef hefur þegar gert við helstu menningararfstofnanir Íslands, staðfestir af Lilju Alfreiðsdóttur, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra.

### 17. Nær heimild 1. mgr. 12. gr. höfl. þar sem er að finna undanþágu til hagsbóta fyrir tiltekin söfn (nánar tiltekið opinber skjalasöfn, almenningsbókasöfn, háskólabókasöfn, önnur bókasöfn er njóta opinberra styrkja í starfsemi sinni, önnur opinber söfn og söfn er falla undir safnalög), til þeirra sem 6. gr. tilskipunarinnar er ætlað að ná til, þ.e. til menningararfsstofnana? Þyrfti að taka upp hugtakið „menningararfsstofnun“ eða getum við notað skilgreiningu 1. mgr. 12. gr.?

Hugtakið menningararfstofnun er hvorki til né skilgreind sérstaklega í höfundalögum, en upptalning í 1. mgr. 12. gr. og réttindi þess ákvæðis, eiga við um ákveðnar stofnanir, þ.e. *„opinber skjalasöfn, almenningsbókasöfn, háskólabókasöfn og önnur bókasöfn sem njóta opinberra styrkja í starfsemi sinni, önnur opinber söfn og söfn sem falla undir safnalög“*. Gott væri að samræma skilgreiningar og nota hugtakið menningararfstofnunum um þessar stofnanir. Einnig á hér við það sama og segir í svari við spurning nr. 6. - að láta þær stofnanir sem eru tilgreindar í 1. mgr. 12. gr. teljast „menningararfstofnanir“, en bæta við upptalninguna í 12. gr. höfl.: „varðveislustofnun mynd- og hljóðefnis,“ sbr. 3. mgr. 2. gr. DSM tilskipunar:

> *„menningararfsstofnun“: bókasafn eða safn sem almenningur hefur aðgang að, skjalasafn eða varðveislustofnun mynd- og hljóðefnis.*

Niðurstaðan og tillaga Myndstefs yrði þá að menningararfstofnanir væru skilgreindar sem:

> *„opinber skjalasöfn, almenningsbókasöfn, háskólabókasöfn og önnur bókasöfn sem njóta opinberra styrkja í starfsemi sinni, önnur opinber söfn sem almenningur hefur aðgang að, og söfn sem falla undir safnalög, sem og varðveislustofnun mynd- og hljóðefnis.*

Þá væri gott að telja upp dæmi um slíkar stofnanir í greinargerð? Slík afmörkuð skilgreining (upptalning) og samræming myndi þá gera mörkin milli slíkra stofnanna og annarra sem eru á gráu svæði skýrari (t.d. RÚV, Sarpur, miðstöðvar skapandi greina). Þá ætti að mati Myndstefs að túlka ákvæðið þröngt þannig að stofnanir að gráu svæði geti ekki fallið þarna undir, eins og raunin er með allar takmarkanir nú þegar í höfundarétti.

18. Ákvæði 12. gr. höfl. taka til allra verka sem njóta verndar skv. lögunum; tilskipunin og ákvæði hennar taka ekki til ljósmynda sem njóta verndar skv. 49. gr. höfl. – ef þörf er breytinga á höfundalögum vegna innleiðingar 6. gr. tilskipunarinnar er ástæða til að undanskilja slíkar ljósmyndir?

Nei, ef þessi takmörkun yrði innleidd sérstaklega í höfl. myndi hún vera innleidd undir II. kafla laganna, sem á einnig við um ljósmyndir í 49. gr. þegar við á. Sjá svör við spurningu 1 og sjónarmið um ljósmyndir sem falla undir 49. gr.

## *7. gr. tilskipunar – Sameiginleg ákvæði um undanþágur*

19. Á að túlka ákvæði 7. gr. þannig að ESB löggjafinn hafi þegar beitt þriggja þrepa viðmiðinu eða að því skuli beita aftur í hverju ríki fyrir sig?

Líklega á að túlka það þannig að hvert ríki fyrir sig eigi að beita þriggja þrepa viðmiðinu, til dæmis skiptir hér máli hvort í einhverjum tilvikum geti rétthafar átt rétt á bótum vegna nota undir 3. gr. eða 4. gr. DSM?

## *8.-11. gr. tilskipunar – Not menningararfstofnana á verkum í söfnum sínum sem ekki er lengur hægt að fá á almennum markaði*

20. Hvaða afleiðingar hefur innleiðing á 8. gr. á núgildandi samningskvaðareglur?

Myndstef hefur gert þó nokkra samningskvaðasamninga þegar þetta er ritað, einkum á grundvelli 12. gr. b. sbr. 26. gr, til dæmis við Þjóðminjasafnið, sjá skýringar í inngangsorðum við 3. og 4. gr. DSM hér á bls. 3 í umsögninni. Ekki er miðað sérstaklega í þeim samningum við hvort verk í safneign safnanna séu enn „fáanleg á markaði“, enda er kannski óeðlilegt að nota þá hugtakanotkun vegna „fáanleika“ listaverka? Bent er á að slíkar samningaviðræður milli Myndstefs, rétthafa og safnanna hafa tekið tíma og vinnu og því mætti innleiðing á 8. gr. ekki stofna því samstarfi í hættu eða láta það hefjast að nýju vegna mögulegrar skörunar eða skýrra hugtakanotkunar. 8. gr tekur á verkum sem eru ekki lengur fáanleg á markaði og á því mest við um bækur, tímarit og aðrar útgáfur. Þetta þarf að skilgreina vel, að mati Myndstefs. Myndstef telur þær samningskvaðaheimildir sem þegar eru í lögum og þá samninga sem þegar hafa verið gerðir, ná til þessara verka hvort eð er þegar um sjónlistarverk ræðir, ef og þegar á við. Þó er gott að skýra þessi atriði, og taka af allan vafa í þessum efnum, og því er 8. gr. mikilvæg í þeim efnum, og til að staðfesta réttarframkvæmd sem er nú þegar við líði.

21. Hvernig verða skilin á milli nýs ákvæðis til innleiðingar á 8. gr. og ákvæða 12. gr., 12. gr. a og 12. gr. b höfl.?

Eins og segir að ofan á hugtakið „out of commerce“ yfirleitt ekki við um verk listasafna eða um sjónlistarverk almennt, amk ekki að þeirri skilgreiningu sem hugtakið hefur haft hingað til. Það gæti því verið tilefni til að skilgreina þetta nánar, og þá ef listaverk, hönnun, byggingarlist ofl. falli þar undir, og þá hvernig? Sama hvað, þá ætti að skilgreina þessi skil vel. Einnig þarf að taka skýra afstöðu til þess í frumvarpi, hvort núgildandi reglur og samningskvaðir í lögunum taki ekki hvort eð er til þessara nota – þ.e. þegar svo á við. Að mati Myndstefs taka núgildandi samningskvaðaleyfi til þessara nota nú þegar, amk hvað viðkemur sjónlist, og væri óvarlegt að stofna því samstarfi og þeim samningsviðræðum í hættu, og hér þarf að taka af því allan vafa. Eins og segir í innangi við 3. og 4. gr. (á bls. 3 í þessari umsögn) eru þær samningskvaðir sem Myndstef hefur þegar gert við menningarartstofnanir mjög aðgengilegar, upplýsingar um þær á tæru, bæði fyrir félagsmenn og

utanfélagsmenn, og samningar aðgengilegir öllum, sem og þeir sem taka eintök og birta verkin eru með skýra skráningu á því sem þeir birta, og skýra skilmála, sjá til dæmis dæmi af heimasíðunni sarpur.is – undir Listasafn Íslands, Karl Kvaran:




Panta mynd  Mitt safn  Veistu meira?

| | |
|---|---|
| Listamaður | **Karl Kvaran 1924-1989** |
| Verkheiti | **Endurfundir** |
| Ártal | **1978** |
| Grein | **Málaralist, Málaralist - Gvassmyndir** |
| Stærð | **49,8 x 64,8 cm** |

**Nánari upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Númer | **LÍ-9396** |
| Aðalskrá | **Myndlist/Hönnun** |
| Undirskrá | **Aðalskrá, Gjöf fjármálaráðuneytis** |
| Efni | **Gvasslitur, Pappír** |
| Aðferð | **Handmálun** |
| Höfundaréttur | **Karl Kvaran-Erfingjar , Myndstef** |

**© Höfundarréttur**

Afrit af safnkosti þeim er hér er birtur felur í sér höfundaréttarvarið efni, en birtingin fer fram á grundvelli samningskvaðasamnings á milli Myndstefs og viðkomandi safns. Samningurinn veitir enn fremur leyfi til endurnotkunar verkanna til einkanota og í kennslu eða í fræðsluskyni. Öll önnur endurbirting/eintakagerð er óheimil. Ef spurningar vakna um forsendur samningskvaðasamningsins, eða ef einstaka höfundur vill ekki heimila notkun verka sinna undir ofangreindum skilmálum, skal hafa samband við Myndstef

**© Copyright**

National and international copyright laws protect the artwork here presented. Publishing of the artwork on this website is based on a Extended Collective License (ECL) between Myndstef and each museum, according to the Icelandic copyright bill. This ECL also permits the use of the artworks for research, educational or private use. The artworks may not be reproduced or made public in any other way. Please contact Myndstef for further information or in order to obtain a license.

### 22. Er rétt að setja reglur um hvernær verk teljist ekki lengur fáanleg á almennum markaði í skilningi 8. gr. tilskipunarinnar?

Já, sbr. það sem ofan greinir, þ.e.a.s. ef sjónlistarverk, og þá einkum myndlist og hönnun, eigi að falla þarna undir, þá þarf að setja skýr mörk og reglur þar um og jafnvel láta þær samningskvaðir sem þegar eru í lögum og þá samninga sem þegar hafa verið gerðir nægja, sbr. svar við spurningu 20 og 21.

Oft getur það verið fremur óskýrt hvenær myndlistarverk (og þá hvort) þau hafi einhvern tímann verið gefin út, eða „commercially available“, eins og segir í formálsgrein 37. Ef ætlunin er að innleiða

samningskvöð eða aðrar reglur um þessi verk sérstaklega, þarf að skilgreina betur hvað í því felst, og hvar skörun verði. Ella væri, eins og fyrr segir, eflaust auðveldara að láta 12. gr. b. taka yfir þessi tilvik einnig – amk þegar um myndlist ræðir?

### 23. Hvaða kröfur ætti að setja um afmörkun slíkra verka, þ.e. hvenær verk teljist ekki lengur fáanleg á almennum markaði? Hvaða kosti og ókosti gætu slíkar reglur haft í för með sér?

Sjá svar að ofan.

### 24. Hvað á að teljast „eðlilegar ráðstafanir“ til að finna út hvort verk sé ekki lengur fáanlegt á almennum markaði? Og hvaða viðurlög ætti að setja við því ef ekki eru gerðar „eðlilegar ráðstafanir“?

Í heimi sjónlistar, þar sem verk eru ekki útgefin sérstaklega, er ekki eðlilegt að hafa hér ströng skilyrði. Myndlist og ljósmyndir, sem hafa ekki verið sérstaklega útgefnar, hafa kannski aldrei verið fáanlegar á „almennum“ markaði og hafa jafnvel einungis verið aðgengileg á vinnustofu myndlistarmanns eða ljósmyndara.

Hér myndi skylda um að láta eigendasögu fylgja myndlistarverkum vera mjög til bóta og gera leitina að eigenda og sögu verkanna auðveldari (t.d. hvort verkið hafi verið sýnt einhvers staðar, af því gerð eintök o.s.frv.). Sú krafa hefur verið lengi upp í fagi myndlistar, og einkum með tilkomu stórra fölsunarmála myndlistar í kringum aldamótin, að skylda endursöluaðila til að láta eigendasögu fylgja með opinberri endursölu listaverka, amk upp að einhverju marki. Þetta málefni hefur verið í deiglunni lengi vel og eflaust tilefni til að hefja samtal á því aftur, enda eru málverkafalsanir á verkum eftir t.d. Stórval, að dúkka upp aftur – nú síðast fyrir nokkrum árum síðan.

Að öðrum kosti telur Myndstef að eflaust væri hægt að setja þau skilyrði við eðlilegar ráðstafanir að haft sé samband við höfundaréttarsamtök á viðkomandi sviði listar, og einnig höfundinn sjálfan eða erfingja. Að auki gæti komið til álita að gallerí, söfn, framleiðendur eða útgefendur beri hér einhverja skyldu, þ.e.a.s. ef höfundaréttarsamtökin hafi ekki þessar upplýsingar, og geti aðstoðað. Hér mætti einnig leggja skyldu á endursöluaðila listaverka að gefa upplýsingar, amk hvað viðkemur listaverkum í þeirra umboðssölu.

Hér telur Myndstef að samtal og samvinna sé lykillinn, fremur en boð og bönn, og því viðurlög eflaust ekki réttlætanleg – amk ekki á sviði sjónlistar.

### 25. Hvernig má tryggja með lögum að verk sem ekki eru fáanlega á almennum markaði geti verið notuð þvert yfir landamæri á grundvelli innleiðingar 8. gr. tilskipunarinnar?

Er ekki verið að vitna hér í 9. gr. tilskipunarinnar? Myndstef hefur ekki sérstaka skoðun hér né tekur afstöðu, eins og er.

### 26. Er nauðsynlegt að lögfesta frekari kröfur um upplýsingaskyldu en gert er ráð fyrir í 10. gr. tilskipunarinnar?

Já, kynningar og upplýsingaskylda, samtal og samráð, sem og beint aðgengi og beinn samskiptaþráður að rétthöfunum og höfundunum sjálfum er að verða æ mikilvægari í höfundarétti. Mikilvægt er að tryggja og hvetja til þess að umsýslustofnanir, rétthafasamtök, hagsmunafélög, menningarstofnanir og aðrir sem hluta eiga að máli, fari að vinna nánar með höfundum og rétthöfunum sjálfum, og algert gagnsæi sé til staðar í þessum málum. Það er enn fremur mikilvægt að brúa bilið milli umsýslustofnanna, notenda, framleiðenda, safna, útgefanda, útvarpsstöðva og svo höfunda. Á meðan höfundum líður oft eins og þeir séu skildir eftir úti í kuldanum, er mikilvægt að mati Myndstefs að lögfesta ríkar kröfur í öllum tilvikum sem tengjast upplýsingaskyldu og tilkynningu.

### 27. Ætti það að vera á ábyrgð menningararfsstofnunarinnar sjálfrar að framsenda upplýsingar til netgáttar Hugverkastofu Evrópusambandsins eða ætti slíkt að vera í höndum miðlægrar landsmiðstöðvar?

Myndstef hefur ekki sérstaka skoðun hér né tekur afstöðu, eins og er.

### 28. Hvernig er best að standa að samtali og samvinnu hagsmunaaðila, sbr. 11. gr. tilskipunarinnar

Samráð og samtal er mjög mikilvægt innan skapandi geirans, og þá sérstaklega þar sem Ísland er lítið markaðssvæði skapandi greina og einstaklingar innan skapandi greina vinna náið saman í ólíkum verkefnum og sinna mismunandi hlutverkum, og sumir hverjir sinna mörgum ólíkum hlutverkum innan sama verkefnis. Þegar þessum spurningalista hefur verið svarað væri kjörið að halda annan fund með höfundaréttarráði, eftir að hagsmunaaðilar hafa kynnt sér afstöðu og svör annarra. Þar væri hægt að hafa erindi frá ólíkum höfundahópum (eða fulltrúum þeirra) og vera svo með spjallborð (enska: panel) eftir kynningarnar. Jafnvel væri gott að taka upp fundinn (amk spjallið) eða gera greinargóða fundargerð. Einnig væri hægt að fá ákveðna hagsmunahópa tiltekinna verkstegunda á sérstakan fund upp í ráðuneyti til þess að skiptast á skoðunum, og lýsa sínum sjónarmiðum. Að því loknu væri unnt að hefja uppkast að frumvarpi og taka þar inn í svörin úr samráðsgátt, sem og niðurstöður úr höfundaréttarráðsfundinum.

Myndstef stingur upp á að sérstök áhersla sé lögð á sjónarmið og samtal þessara höfunda og rétthafa, í samræmi við verktegund (og eflaust má bæta við þennan lista):

- Útgefendur fréttaefnis og höfundar (textahöfundar, fræðimenn, blaðamenn og ljósmyndarar).
- Framleiðendur kvikmynda og höfundar (leikstjórar, handritahöfundar, tónhöfundar, leikmynda- og búningahöfundar).
- Útgefendur bókverka og höfundar (textahöfundar og myndlýsendur).
- Framleiðendur hönnunar, einkum fatahönnunar og vöruhönnunar, og höfundar.

## *12. gr. tilskipunar - Landsbundnar samningskvaðaheimildir*

### 29. Í 26. gr. a höfl. eru ákvæði um hvaða kröfur séu gerðar til umsýslustofnana á sviði höfundaréttar sem geti gert samningskvaðasamninga. Hvaða breytinga gæti verið þörf á ákvæðum þeirrar greinar vegna innleiðingar 12. gr. tilskipunarinnar? Hvaða praktísku afleiðingar má gera ráð fyrir að verði af innleiðingu 12. gr. tilskipunarinnar.

Það virðist sem einungis umsýslustofnanir sem uppfylla skilyrði laga 88/2019 um umsýslu á sviði höfundaréttar megi gera samningskvaðasamninga. Tekur Myndstef undir þá túlkun, og telur hana mikilvæga til að tryggja sanngirni, jafnræði og gagnsæi, enda oft um mikla fjármuni að ræða, sem í einhverjum tilvikum koma frá ríkissjóði, og eru eign höfunda og annarra rétthafa. Myndstef telur því nauðsynlegt að þær stofnanir sem hafa heimildir til að gera samningskvaðasamningar, lúti að fullu þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum nr. 88/2019. Að mati Myndstefs er þetta nú þegar og að einhverju leiti skýrt tekið fram í höfl., þó eflaust hafi ríkt óvissa um hvernig meta eigi slíkt og túlka, enda einungis nýverið (júní 2021) sem ráðuneytið setti reglur um viðurkenningu sameiginlegra umsýslustofnanna samkvæmt höfundalögum sbr. reglugerð 821/2021. Bindur Myndstef vonir við að engu verði til slakað í þessum efnum, og skilyrðin verði skýr, enda telur Myndstef þörf á að auka hér gagnsæi í framkvæmd og stjórnsýslu hvað varðra höfundarétt, og má alltaf þar betur fara. Það er því mikilvægt að þær stofnanir sem koma til með að sinna sameiginlegri umsýslu höfundaréttar, og sérstaklega á grundvelli samningskvaðar, lúti þeim skilyrðum sem lögin kveða á um. Þarna hefur nú þegar mátt betur fara, og eins og segir í inngangsorðum þessarar umsagnar, orðið tímabært að bæta þar úr, gera umboð og félagsaðild mun skýrari, og mun gagnsærri, og tryggja upplýsingaskyldu og

skýrleika þeirra sem sjá um umsýslu réttarins, og þá einkum gagnvart höfundum (og öðrum rétthöfum höfundaréttarins).

Þetta mætti því eflaust vera enn skýrara í 26. gr. eins og hún er nú orðuð í höfl., til dæmis tímamarkið „hvenær sem er“ í 12. gr. DSM tilskipunarinnar og hvaða áhrif slíkt geti haft á samningsgerð. Einnig hvort slíkt bann sé „opt-out“ bann í hverju tilviki fyrir sig, hvort einstakir höfundar geti alfarið bannað not í samningskvöðum á einstöku verki eða hvort einstakir höfundar geti alfarið bannað not í samningskvöðum á öllum sínum verkum. Ef hið síðasta á við, hverjum ber þá að tilkynna um slíkt og hvernig er slíkar upplýsingar geymdar og sannreyndar? Leggur þetta skyldu á notenda eða umsýslustofnun að aflað sé slíkra upplýsinga sérstaklega áður en til slíkra samninga kemur?

### 30. Hvernig er best að innleiða ákvæði d. – liðar 2. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar um kynningarráðstafanir? Ætti að kveða á um tilkynningaskyldu og þá jafnvel með frestunaráhrifum samnings þar til að ákveðnum tíma liðnum?

Hér er spurning hvort regnhlífarsamtök rétthafasamtaka geti geymt einhvers konar sameiginlegan gagnagrunn, upptalningu og upplýsingar um hvaða stofnanir hafa rétt til að veita slíkt leyfi í hverju tilviki fyrir sig og hvaða verk falli þar undir. Þá beri einnig að tilkynna og gefa upplýsingar um hvert rétthafar eigi þá að leita og snúa sér (væntanlega til viðeigandi umsýslustofnunar) þegar svo á við. Þá væru þessar upplýsingar allar á einum stað.

Einnig þyrfti að gera kröfur um að hver og ein umsýslustofnun geymi lista yfir samningskvaðir sem við eiga á þeirra sviði, t.d. á heimasíðu sinni og tilkynni um gerð nýrra samninga á samfélagsmiðli eða heimasíðu og tiltaki þar allar leiðbeiningar og upplýsingar, sem og hafi samninginn sjálfan aðgengilegan. Að auki, og að mati Myndstefs, er mjög mikilvægt að notandi hafi einnig þessar leiðbeiningar skýrar og tilkynni á sínu vefsvæði, eða þar sem samningskvöðin er notuð. Hér er til dæmis dæmi um „klausu“ sem söfnin eiga að hafa sýnlega á sínu vefsvæði, vegna samningskvaða á grundvelli 12. gr. b.:

> *Afrit af safnkosti þeim er hér er birtur felur í sér höfundaréttarvarið efni, en birtingin fer fram á grundvelli samningskvaðasamnings á milli Myndstefs og viðkomandi safns. Ef spurningar vakna um forsendur samningskvaðasamningsins, eða ef einstaka höfundur vill ekki heimila notkun verka sinna undir ofangreindum skilmálum, skal hafa samband við Myndstef- myndstef@myndstef.is*

Dæmi tekið af heimasíðunni www.sarpur.is:



Panta mynd  Mitt safn  Veistu meira?

| | |
|---|---|
| Listamaður | **Margrét Jónsdóttir 1953-** |
| Verkheiti | **Still Life** |
| Ártal | **1989** |
| Grein | **Málaralist - Olíumálverk** |
| Stærð | **210 x 318 cm** |
| Efnisinntak | **Kyrralífsmynd, Uppstilling** |

**Nánari upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Númer | **LÍ-4890** |
| Aðalskrá | **Myndlist/Hönnun** |
| Undirskrá | **Aðalskrá** |
| Efni | **Olíulitur, Strigi** |
| Aðferð | **Málun** |
| Höfundaréttur | **Margrét Jónsdóttir 1953-, Myndstef** |

**© Höfundarréttur**

Afrit af safnkosti þeim er hér er birtur felur í sér höfundaréttarvarið efni, en birtingin fer fram á grundvelli samningskvaðasamnings á milli Myndstefs og viðkomandi safns. Samningurinn veitir enn fremur leyfi til endurnotkunar verkanna til einkanota og í kennslu eða í fræðsluskyni. Öll önnur endurbirting/eintakagerð er óheimil. Ef spurningar vakna um forsendur samningskvaðasamningsins, eða ef einstaka höfundur vill ekki heimila notkun verka sinna undir ofangreindum skilmálum, skal hafa samband við Myndstef

**© Copyright**

National and international copyright laws protect the artwork here presented. Publishing of the artwork on this website is based on a Extended Collective License (ECL) between Myndstef and each museum, according to the Icelandic copyright bill. This ECL also permits the use of the artworks for research, educational or private use. The artworks may not be reproduced or made public in any other way. Please contact Myndstef for further information or in order to obtain a license.

## *13. gr. tilskipunar – Fyrirkomulag samningaviðræðna*

31. Hugtakið „myndmiðlun eftir pöntun“ (e. video-on-demand services) er ekki skilgreint í tilskipuninni og ekki er í ESB rétti einhlít skilgreining. Myndmiðlun eftir pöntun fellur undir 2. tölul. 4. mgr. 2. gr. höfl. Er þörf á að skilgreina hugtakið nánar í höfundalögum?

Það er mjög mikilvægt að haga allar skilgreiningar hugtaka skýrar, og færa þær til nútímans. Þannig að já, það er þörf á að skilgreina hugtakið nánar í höfl.

32. Hvernig á að móta fyrirkomulagið að kvikmyndum þar sem fleiri en einn rétthafi er til staðar? Eiga notendur að hafa rétt til aðstoðar við samningsgerð við þá alla?

Já, það þykir eðlilegt að hægt sé að njóta aðstoðar við samningsgerð við alla þá sem semja beint við framleiðanda, en ekki undirverktaka eða þá sem starfa beint fyrir framleiðenda.

# 14. gr. DSM tilskipunar – Sjónlistaverk sem ekki njóta lengur höfundaverndar

33. Hugtakið „sjónlist“ (e. visual art) er ekki skilgreint í tilskipuninni. Í höfundalögum er að finna upptalningu verka sem njóta verndar og er þar sérstaklega nefnd myndlist, byggingarlist, ljósmyndalist og nytjalist en ekki er um tæmandi talningu að ræða sbr. „og aðrar samsvarandi listgreinar“, sjá 2. mgr. 1. gr. höfl. Er þörf á að breyta upptalningunni vegna hugtaksins sjónlist sem notað er í 14. gr. tilskipunarinnar?

**Hvað er listaverk? – skilgreining í íslenskum höfundalögum**
Það er engin skilgreining á „visual art“ í tilskipuninni. Að auki hefur enska orðið „visual art“ ekki verið þýtt nægilega vel á íslensku. Í fræðunum tekur hugtakið „visual art“ til allra sjónlistaverka, en þó virðist stundum einnig vera talað um „visual art and design“, og er því ljóst að bæði sé til þrengri hugtakanotkun á hugtakinu „visual art“ en einnig rýmri. Ef miðað er við rýmri hugtakanotkun á „visual art“, þá er ljóst að um sé að ræða list sem samanstendur af þremur meginstoðum:

- Myndlist
- Hönnun (og byggingarlist)
- Ljósmyndun

Höfundalögin skipta þeim verkum sem falla undir lögin í tvennt : bókmenntaverk og listaverk. Undir þessi tvö hugtök falla svo ýmsar gerðir og hugtök verka, sem nánar eru talin upp í 2. mgr. 1. gr. höfundalaga. Þar er tiltekið bæði myndlist og ljósmyndalist, sem og byggingarlist, og nytjalist (sem í daglegu tali er kallað hönnun).

Myndi það að mati Myndstefs, einfalda mikið að bæta við skilgreiningu og taka af allan vafa að íslensk höfundalög tali við Evrópska hugtakanotkun innan fags skapandi greina frá Evrópusambandinu. Það munu án efa koma fleiri tilskipanir um höfundarétt frá Evrópusambandinu í framtíðinni og því tilvalið að nýta tækifærið núna og stokka aðeins upp í hugtakanotkun og færa til nútímans.

Hugtakið „nytjalist“ nánast aldrei notað í nútímamál eða tali, og virðist draga úr skapandi framlagi listaverksins „hönnunar“ að tengja það og skilyrða það „nytjum“ eða einhverju notagildi og er kominn sannarlega tími á að breyta því og bæta þessa upptalningu.

Skapandi greinar og þau listaverk og afurðir sem eru framleidd með skapandi framlagi, skiptast að meginstefnu til í 5 flokka/fög:

- Ritlist
- Sviðslist
- Kvikmyndalist
- Tónlist
- Sjónlist

**Tillaga að breytingu á 1. gr. höfl.**
*Sjá rauðmerkt/yfirstrikað:*
■ **1. gr.**
☐ Höfundur að ~~bókmenntaverki eða~~ listaverki á eignarrétt á því með þeim takmörkunum, sem í lögum þessum greinir.
☐ Til listaverka teljast ritlistaverk, ~~samið mál í ræðu og riti, leiksviðsverk,~~ sviðslistaverk, kvikmyndir, tónlistarverk og sjónlistarverk, þar með talið myndlist, byggingarlist, ljósmyndalist, ~~nytjalist~~ og hönnun, og aðrar samsvarandi listgreinar, á hvern hátt og í hverju formi sem verkið birtist.

☐ Uppdrættir, teikningar, mótanir, líkön og önnur þess háttar gögn, sem fræðslu veita um málefni eða skýra þau, njóta verndar með sama hætti og bókmenntaverk.
☐ [Ákvæði 3. mgr. skulu einnig gilda um tölvuforrit.] [1)]

**Hugtakanotkun, orðabók, fræði og samanburður við norðurlöndin**
Í sænska spurningalistanum er vísað í „listaverk sem hægt er að skynja með sjón“ – (sænska: konstverk som går att uppfatta med synen / norska: billedkunst).
Miðað við orðalag í norska spurningarlistanum virðist við það miðað að nota hugtakið „billedkunst“, sem að orðanna hljóðan séu mögulega þá einungis tvívíð verk. Því megi draga ályktum þess efnis að ekki eigi höggmyndir og hönnunarverk ekki þarna undir. Þó verður að hafa hér í huga að „billedkunst“ er nokkuð svipað hugtakinu og orðanotkun myndlistar á íslensku, sem inniheldur bæði tvívíð og þrívíð verk (sbr. skúlptura), þó hugtakið geti varla átt við um hvorki þrívíða hönnun né arkitektúr.


Hér á Íslandi mætti eflaust skilgreina sjónlistarverk sem ***listaverk sem byggir áhrif sín á forsendum sjónar og rýmis***, s.s. ekki bara á ‘sjón’ eins og sænsku skilgreiningunni. [1]

Um orðanotkun Myndstefs sem hagsmuna- og höfundaréttarsamtök hönnuða, arkitekta ljósmyndara og myndlistarmanna, og um sjónlistarverk almennt, þá hafa samtökin verið að breyta sinni orðanotkun til þess að hætta að nota orðið myndverk og nota orðið sjónlistarverk (myndlist, hönnun, ljósmyndum, arkitektúr). Dæmi heimasíðu Myndstefs, www.myndstef.is:

> Hvað er Myndstef?
>
> Myndstef eru höfundaréttarsamtök sem standa vörð um höfundarétt höfunda og höfundarétthafa sjónlista, þar með talið myndlistarfólks, ljósmyndara, arkitekta og hvers kyns hönnuða.

Myndstef ber eftirfarandi heiti á ensku: The Icelandic Visual Art Copyright Association

Telur Myndstef því orðið „sjónlist“ vera ágætis þýðingu á „visual art“, og er í samræmi við þýðingar orðabóka:




**14. gr. tilskipunarinnar og orðalag hennar, sem og vilji löggjafans**
Þrátt fyrir skýrt orðalag þar um í tilskipuninni, þá virðist það þó ekki vera nægilega skýrt hvort tilskipunin eigi að ná til allra sjónlistarverka eða einungis tvívíðra verka. Þannig virðist það óljóst hvort tilskipunin nái einnig til arkitektúrverka eða hagnýttra lista- og kvikmyndaverka, sem auðvitað má einnig flokka sem listaverk sem hægt er að skynja með sjón. Það er enn ein spurningin sem er ósvöruð með þessari tilskipun og þetta er í raun aðal ágreiningsmálið – er unnt að gera „eftirgerð“ af þrívíðu verki, þannig að eftirgerðin sé ekki varin?

Titill kaflans er eftirfarandi:

*„CHAPTER 4*
*Works of visual art in the public domain*
*Article 14*
*Works of visual art in the public domain*

[1] Hér er byggt á skilgreiningu eftir samtal við Hlyn Helgason, dósent við HÍ, listfræðing og myndlistarmann.

Það sem er óvíst í þessum efnum er hvort sjónlistarverk geti einnig verið þrívíð. Þá vakna spurningar um það hvort það sé unnt að gera „eftirgerð“ af þrívíðu verki, þannig að eftirgerðin hljóti ekki höfundavernd. Með öðrum orðum er eðli þrívíðra verka þannig, að líklegt sé að eftirgerð slíkra verki nái verkshæð og því eigi slík eftirgerð aldrei að vera heimil á grundvelli 14. gr.

Ef eftirgerðir af öllum sjónlistarverkum – þ.m.t. þrívíðum verkum - verði látin falla hér undir, og því látið orðalag ákvæðisins standa, þyrfti að skoða sérstaklega hvort sú eftirgerð nái frumleikastigum höfundaréttar. Það eru mun meiri líkur eru á því að eftirgerð á þrívíðarverkum nái slíkri verkshæð, fremur en tvívíð eftirgerð.

Að mati Myndstefs þykir mikilvægara að hafa skilgreininguna skýra og er líklegt að hér hafi Evrópuþinginu yfirsést þessi hárfíni eðlismunur tvívíðra og þrívíðra verka. Hvað sem því líður og hvort sem þetta atriði hafi ekki verið sérstaklega rætt, þá er ljóst að varnaglinn í seinni hluta ákvæðisins er sterkur, og tekur þarna af allan vafa, af mati Myndstefs.

**Hvað er „aðgerð til eftirgerðar“?**
Að lokum þykir ekki nægilega skýrt í tilskipuninni hvað sé átt við með „aðgerð til eftirgerðar“. Ljósmynd eða stafrænt eintak af verkinu getur falið í sér afrit. Eins getur lýsing á verki verið afritun og jafnvel afritun verksins að hluta (þ.e.a.s. ef sá hluti verksins nægi til að uppfylla verkshæð heildarverksins og framlags listamannsins). Ennfremur er hægt að framleiða afrit með því að teikna verkið. Ljósmynd af skúlptúr eða málverki gæti t.d. falið í sér afrit af sjónlistinni sem myndi þá ekki njóta verndar, nema um sé að ræða skapandi framlag við ljósmyndunina (eða eins og segir í tilskipuninni: *„unless the material resulting from that act of reproduction is original in the sense that it is the author's own intellectual creation.“*). Til að skýra betur: Ef einhver ljósmyndar málverk sem eitt sinn naut höfundarréttarverndar ættu ákvæði tilskipunarinnar að leiða til þess að ljósmyndarinn hafi ekki einkarétt á ljósmynd sinni – nema þegar ljósmyndin er vernduð sem höfundarréttarverk vegna skapandi framlags ljósmyndarans. Hvar eru þarna mörkin?

**Niðurstaða - samantekt:**
Varnaglinn í lok setningarinnar: *„nema efnið sem hlýst af eftirgerðinni sé frumverk í þeim skilningi að það sé eigin hugverkasköpun höfundarins.“*, er nægilegur að mati Myndstefs, og ætti því 14. gr. að ná til allra eftirgerða sjónlistarverka sem fallin er úr vernd.

Hugtakið „visual art“ er þýtt sem „sjónlist“ í fagi sjónlistar í dag og er mikilvægt að við það verði miðað við innleiðingu á tilskipuninni. Einnig ætti að nýta tækifærið og uppfæra upptalningu í 1. gr. höfl. í samræmi við þetta og færð til nútímans og nær almenningi.

Það gæti talist varhugaverð þróun ef öll form verka falli hér undir, sem og allar aðgerðir til eftirgerðar og form afrita. Það þarf að vera mjög skýrt að með 14. gr. sé einungis átt við afritun og eftirgerð frumverka sem eru þegar fallin úr vernd og þannig að eftirgerðin og eða afritið feli ekki í sér sérkenni, sjálfstæði eða frumleika þess sem gerir eftirgerðina. Um leið og einhvert skapandi framlag má greina við eftirgerðina þá öðlast nýja verkið vernd, þó svo að frumverkið sé fallið úr vernd. Þarna á nýja verkið að mati Myndstefs alltaf að njóta vafans.

### 34. 49. gr. höfl. kveður á um að ljósmyndir sem ekki uppfylla frumleikaskilyrði höfundalaga til að teljast verk sem njóta verndar skv. 2. gr. höfl. skulu njóta verndar. Er þörf á að breyta ákvæðum 49. gr. höfl. vegna 14. gr. tilskipunarinnar?

Nei, ekki þörf á því, sbr. sambærileg svör hér að ofan.

# 15. gr. DSM tilskipunar – Vernd útgefins fréttaefnis

**Almennt um réttindi höfunda að útgefnu fréttaefni á Íslandi**
Myndstef telur að 15. gr. feli í sér mikilvæga réttarbót sem leiðréttir ákveðnar aðstæður sem hafa varað á sviði fréttaefnis hér á Íslandi. Ekki eingöngu veitir ákvæðið mikilvægan rétt vegna endurnotkunar fréttaefnis, t.d. af fjölmiðlaveitum og við aðra endurbirtingu annarra fjölmiðla, sem sumir hver hafa það að hreinni atvinnu sinni að endurbirta fréttaefni annarra, heldur – og það sem er enn mikilvægara fyrir höfunda fréttaefnis - er að tilskipunin viðurkennir loks þessi mikilvægu réttindi, setur þeim ákveðnar skorður og hleypir öllum höfundum og rétthöfum þar jafnt að borðum. Með ákvæðinu er viðurkennt að samsetning fréttaefnis getur samanstaðið að framlagi margra ólíkra höfunda, og verka, og það setur fram leiðbeiningar um það samspil og samtal sem þarf að eiga sér stað um gerð fréttaefnis, not og endurnot þess.

Vandamálið á þessu sviði hefur verið að réttindi fréttaefnis og verka innan fréttaefnis hafa verið dreift ójafnt á milli rétthafa og höfunda, og hagsmunahópar og höfundarhópar hafa ekki haft nægilegan styrk og reynst vera of sundurleitur hópur sjálfstætt starfandi einyrkja, til að standa vörð um réttindi sín, og þá sérstaklega á sviði blaðaljósmyndunar og ljósmyndunar almennt. Hér er átt við að höfundar ákveðinna hluta fréttaefnis hafa oft lakari stöðu gagnvart útgefanda en aðrir, og þá einkum ljósmyndarar.

Ljósmyndarar eru oft lausráðnir, þeir eru jafnvel ráðnir til einstakra verkefna, ljósmyndaþátta eða yfir ákveðin tímabil, og eru sjaldan með fastan ráðningarsamning við fjölmiðil. Útgefandi fréttaefnis hefur því oftast ekki náð að tryggja sér endurnotkunaréttinn hvort eð er. Framkvæmd 15. gr. DSM tilskipunarinnar myndi því falla um sjálfa sig, ef þessum hópi yrði ekki tryggð viðeigandi hlutdeild í tekjunum, því í raun hafa útgefendur fréttaefnis hér á Íslandi hvort eð er ekki heimild til að leyfa eða framselja 3. aðila not á efninu – amk ekki hvað varðar ljósmyndir inn í efninu, nema þá bara í undanþágutilvikum.

Útgefendur virðast hafa vaðið í villu vegar hingað til með réttinn, og talið sig hafa hann með óljósum kjarasamningum við aðra höfunda og rétthafa. Sá vankantur á þeim kjörum er að þeir samningar ná fyrst og fremst til fastráðinna blaðamanna, og einungis til skráðra félagsmanna Blaðamannafélags Íslands, en ekki til ljósmyndara, og hvað þá til annarra sjónlistarmanna eða utanfélagsmanna.

Með 15. gr. eru réttindi þessa hóps loksins viðurkennd og jafnræðis gætt.

Eins og svo oft áður með efni DSM tilskipunarinnar, skapar þetta ákvæði ákveðið „spark“ fyrir rétthafa fréttaefnis, til að einfaldlega viðurkenna réttindi allra höfunda innan fjölmiðlunar, sín á milli. Og þá einkum og sérstaklega gagnvart útgefendum, sem hingað til hafa haft sterka en þó sundurleita rödd.

Hingað til mætti segja að höfundaréttarmál fréttaefnis hafi verið að einhverju leiti í lamasessi, og lútað óljósum og ógagnsæum leyfum. Ofan á það hafa útgefendur kannski ekki haft heimildir til að framselja endurnotin, en telja sig hafa þær (og gera það samt). Ekki bætir úr skák að höfundar eru oft alls kostar óvissir um sinn rétt, og eflaust hræddir við að „rugga bátnum“. Útgefendur fréttaefnis eru ekki margir hér á landi, og atvinnutækifæri ekki mörg, og því markast framkvæmdin af því. Þetta sannast helst t.d. á endurbirtingu fréttaefnis á vefnum timarit.is, þar sem eingöngu var samið við blaðamenn, en ekki aðra höfunda vegna endurbirtingar.

Myndstef og félagsmenn Myndstefs, fagna því gríðarlega tilkomu þessa ákvæðis, og hafa ófáir fundir og samráð átt sér stað innan Myndstefs og milli ljósmyndara (og annarra sjónlistarmanna sem eiga verk í fréttaefni) um þessa mikilvægu réttarbót.

**Almennt um 15. gr.**
Hér telur Myndstef mikilvægt að innleiða samningskvaðaheimild, þar sem allir rétthafar, eða að minnsta kosti allir höfundar, sitja jafnt til borðs. Eins er mikilvægt að innleiða orðalag 15. gr. og það sem þar kemur fram, til að undirstrika mikilvægi og virðingu fyrir réttinum. Þó svo að íslensk höfundalög hafi almennt viðurkennt að fréttaefni geymi höfundavarið efni og verk sem séu vernduð, þá hefur 15. gr. að geyma mun afdráttarlausra orðalag þess efnis, og er til mikils réttarbóta fyrir stóran hlut höfunda, og þá einkum ljósmyndara.

Í því samhengi verður að miða innleiðingu við réttindi höfundanna, hvað þetta varðar, en ekki fara sænsku leiðina, þar sem orðalag þeirra draga einskorðast mikið við hugtakið „útgefandi", og þá „og aðrir réttahafar efnis" komi þar yfirleitt beint á eftir. Þá telur Myndstef í sænsku innleiðingunni forgangsröðina vera ranga, og telur að miða eigi innleiðinguna við „höfunda og aðra rétthafa fréttaefnis". Enn fremur er mikilvægt að skilgreina hlutverk og framlag ólíkra höfunda að fréttaefni, en þar getur verið um að ræða fréttamenn (blaðamenn), rithöfunda (t.d. pistlahöfunda og höfunda smásagna og ljóða), fræðirita- ævisögu, kennsluefnis eða aðra „non-fiction" textahöfunda, og svo höfunda sjónlistarefnisins, sem geta verið ljósmyndarar, teiknarar, myndskreytar, hönnuðir og aðrir sjónlistarmenn.

Það skiptir miklu máli að mati Myndstefs hvernig undantekningarnar á réttinum til endurbirtingar fréttaefnis eru orðaðar í lagatextanum, og hvernig þær eru svo einnig orðaðar og skilgreindar í greinargerð með frumvarpinu.

Hér skal rifjað upp hvað stendur í formálagrein tilskipunar, sbr. mikilvægi frjálsrar fjölmiðlunar, gæði fjölmiðlunar og aðgangs. Nefnd er sú þróun sem hefur orðið á framboði á fréttaefni, m.t.t. tækni og miðlunar, til dæmis með tilkomu fjölmiðlavakta - sem m.a. byggja sitt viðskiptamódel á endurbirtingu fréttaefnis. Eins segir orðrétt: *„Viðurkenna þarf skipulagt og fjárhagslegt framlag útgefenda til framleiðslu á útgefnu fréttaefni og hvetja enn frekar til þess til að tryggja sjálfbærni útgáfustarfsemi og ýta þar með undir aðgengi að áreiðanlegum upplýsingum."* Hér er því einkum átt við um sjálfbærni útgáfustarfseminnar til að tryggja höfundum fréttaefnis viðunandi laun, og með því tryggja gæði fréttaefnis og skapandi framlags þeirra.

**Ljósmyndir og myndbönd inn í fréttaefni**
Sérstaklega er tekið fram að fréttaefni innihaldi að mestu samið mál, en einnig í auknum mæli aðrar tegundir verka og annað efni, einkum ljósmyndir og myndbönd.

Í formálagrein 59 og í 5. mgr. 15. gr. segir að: *„Höfundar verka sem eru felld inn í útgefið fréttaefni ættu að eiga rétt á viðeigandi hlutdeild í þeim tekjum sem útgefendur fá af notkun þjónustuveitenda í upplýsingasamfélaginu á útgefnu fréttaefni þeirra."* , og í annarri formálagrein: *„Það ætti ekki að hafa áhrif á samningsbundið fyrirkomulag milli útgefenda fréttaefnis annars vegar og höfunda og annarra rétthafa hins vegar. Höf undar verka sem eru felld inn í útgefið fréttaefni ættu að eiga rétt á viðeigandi hlutdeild í þeim tekjum sem útgefendur fá af notkun þjónustuveitenda í upplýsingasamfélaginu á útgefnu fréttaefni þeirra. Það ætti ekki að hafa áhrif á landslög um eignarhald eða nýtingu réttinda í tengslum við ráðningarsamninga, að því tilskildu að slík lög samrýmist lögum Sambandsins".*

Þetta þýðir að verndin sem er veitt útgefendum fréttaefnis með þessari tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á réttindi höfunda og annarra rétthafa í verkum og öðru efni sem eru felld inn í það, einnig að því er varðar að hve miklu leyti höfundar og aðrir rétthafar geta hagnýtt verk sín eða annað efni óháð því útgefna fréttaefni sem þau eru felld inn í.

Sem dæmi má nefna að ef ljósmynd sem fylgir með frétt er keypt úr myndabanka, þá þýðir það að rétturinn til útgefins fréttaefnis nær ekki til þeirrar ljósmyndar. Nýr notandi yrði þá einnig að kaupa nýjan aðgang að ljósmyndinni úr myndabankanum. Þ.e.a.s. þó þessi tiltekna mynd birtist með fréttinni þýðir það ekki að útgefandinn hafi öðlast einkarétt á þeirri mynd. Þetta hlýtur þá jafnframt

að þýða að þó þjónustuveitan fái aðgang og heimild til að endurbirta fréttaefni frá útgefenda, þá verða þeir höfundar sem eru einnig með verk inn í fréttaefninu, að vera tryggt viðeigandi hlutdeild í þeim tekjum sem útgefendur fá vegna þeirra nota.

**Skilgreiningar og afmörkun ákvæðisins**
Ein stærsta áskorun löggjafans er að afmarka hér betur hverjir teljast útgefendur fréttaefnis, hvað telst til fréttaefnis og hvað telst ekki til fréttaefnis, og nýtur því ekki verndar til endurnotkunar. Enn fremur er mikilvægt að afmarka vel hvaða athafnir notenda á endurnotkun fellur undir ákvæðið og hvaða ekki. Hér gæti komið til álita að úrskurðarnefnd 57. gr. höfl. verði veitt lögsaga til að veita úrskurð í álitamálum tengdum afmörkun réttarins og skilgreiningar. Enn fremur ætti sú úrskurðarnefnd að geta þá úrskurðað um fjárhæð bótanna.

**Hverjir teljast útgefendur fréttaefnis?**
Þeir sem teljast útgefendur fréttaefnis innan tilskipunarinnar, teljast jafnframt hafa með skapandi framlagi sínu náð þeirri verkshæð þannig að verk þeirra njóti verndar. Hugtakið útgefandi fréttaefnis ætti að nái yfir þjónustuveitendur, s.s. fréttaútgefendur eða fréttastofur, þegar þær gefa út fréttaefni í skilningi þessarar tilskipunar, sbr. dæmi í formálagrein: *„dagblöð, viku- eða mánaðarrit almenns eða sértæks efnis, þ.m.t. tímarit í áskrift, og fréttavefsetur“.*

Það er því mikilvægt að skilgreina vel hvaða fjölmiðlar geti átt hér undir. Til dæmis mætti taka mið af fjölmiðlalögum nr. 38/2011sbr. 2. gr. þeirra laga, og 14. gr. þeirra laga um skráningu fjölmiðla:

■ **14. gr.** *Skráning fjölmiðla.*
☐ Öll starfsemi sem fellur undir gildissvið laga þessara og ekki er leyfisskyld er skráningarskyld. Fjölmiðlaveita sem ekki stundar leyfisskylda hljóð- og myndmiðlun skal tilkynna fjölmiðlanefnd um starfsemi sína áður en hún hefst.

**Hvað er útgefið fréttaefni?**
Ef ofangreind leið er notuð, sem myndi þá afmarka hverjir séu útgefendur fréttaefnis, væri hægt að miða við að fréttaefni væri þá það efni sem þeir fjölmiðlar sem þar eru skilgreindir, gefa út eða birta og á hvaða miðli sem er (pappír meðtalinn). Að fréttaefni sé gefið út í atvinnuskyni (eða þjónustustarfsemi) er þá sjálfkrafa uppfyllt.

Það sem ekki telst til útgefins fréttaefnis, sbr. vísindatímarit, s.s. reglubundnar útgáfur í vísinda- eða fræðaskyni og blog og vefsetur, sem veita upplýsingar sem hluta af starfsemi sem ekki fer fram að frumkvæði, á ritstjórnarábyrgð og undir eftirliti þjónustuveitenda á borð við fréttaútgefenda, fellur því einnig sjálfkrafa utan réttarins, að því marki sem útgefendur slíks efnis hafi ekki hlotið ofangreint leyfi, skv, fjölmiðlalögum. Í vafatilvikum ætti fréttaefni frekar að falla undir en ekki, og því réttur höfunda og útgefanda að njóta vafans, enda ber að túlka undanþáguna þröngt.

**Hvaða athafnir notenda geta falið í sér endurnotkun á fréttaefni, og hvaða ekki?**
Hér er einkum átt við endurbirtingu á fréttaefni í heild eða að hluta.

Það sem veldur hér álitamálum, er hvað fellur ***ekki*** undir endurbirtingu sem krefst leyfis. Tilskipunin tiltekur hvað á ekki undir, en skilin geta oft verið óljós. Mikilvægt er að hafa í huga að hér ætti að vera um þrönga skilgreiningu að ræða. Það sem tilskipunin tiltekur er:

**a. krækjun (tenglasetning)**

hvað eru krækjur?- Hér skiptir máli að mati Myndstefs hvernig krækjur sé átt við.

Krækjur (Linkur, enska: hyperlinking) skiptist í:
- Tenglasetningu (linking)
- Rammasetningu (framing)
- Innsetningu (inline linking) https://en.wikipedia.org/wiki/Inline_linking

15. gr. DSM fjallar um krækjur, þannig að athöfn notenda að deila krækju geti ***ekki*** falið í sér endurnotkun á útgefnu fréttaefni, og nái því vernd 15. gr. ekki til þessa. Það er í samræmi við þá túlkun Evrópudómstólsins að við krækjusetningu eigi sér ekki stað eintakagerð eða birting á höfundavörðu efni. Við innleiðingu 15. gr. DSM tilskipunarinnar inn í danskan rétt, var þó sérstaklega litið til þess að þó 15. gr. undanskilji krækjur, sé þar ***ekki*** átt við rammasetningu (og þá væntanlega ekki heldur átt við um innsetningu (e. Inline linking)), enda geti þar myndast skapandi framlag, t.d. fyrirsagnir eða myndefni verið tengt rammasetningu, eða *„types of links other than hyperlinks - such as framing - are not covered by the exception"* eins og segir í enskri þýðingu á danska frumvarpinu.

Það sama verður að eiga við hér á landi, að krækjur taki sem sagt ekki til ramma- eða innsetninga, heldur eingöngu til tenglasetninga. Því væri ákjósanlegast að nota hugtakið „tenglasetning", en ekki hugtakið „krækjur" (sem er of vítt hugtak og óljóst) í lögunum, og útskýra þetta betur í greinargerð með lögunum.

**b. Endurbirting hreinna staðreynda frá útgefna fréttaefni**

Í þeim heimi sem við lifum í í dag, hvað eru "hreinar staðreyndir" og hver metur það? Eru það t.d. staðreyndir studdar X mörgum vísindalegum rannsóknum? Eitthvað annað? Eflaust þyrfti að túlka þetta mjög þröngt, m.t.t. tjáningarfrelsis og einnig láta höfundaréttinn hér njóta vafans.

**c. tilvitnanir vegna gagnrýnu og ritdóma (í samræmi við info soc tilskipunina)**

Sjá hér 14. gr. höfundalaga.

**d. endurbirting á einstaka orða eða mjög stuttra úrdrátta.**

Hvar eru þarna mörkin? Ljóst er að í dag er vinsælt að nota "mjög stutta úrdrætti", sérstaklega á samfélagsmiðlum (t.d. Twitter). Hver eru mörkin þar? Hvað með fyrirsagnir, eða hluta af fyrirsögnum, er þar um að ræða mjög stuttan úrdrátt eða einstaka orð?

Hvað með til dæmis birtingu á einungis ljósmynd úr fréttaefni? Myndi slíkt geta fallið undir "very short extracts"? Að mati Myndstef yrði að girða fyrir að slík not geti talist „mjög stuttur úrdráttur" eða „einstaka orð" og væri lang best að gera slíkt í sjálfum lagatextanum, eða amk í greinargerðinni sjálfri. Myndverk (ljósmyndir og önnur sjónlistarverk) verður ávallt að teljast sem heilt verk, en ekki sem hluti af öðru verki og gæti seint talist „stuttur úrdráttur" og verður slíkt að mati Myndstefs að vera mjög skýrt með innleiðingunni. Og ítreka verður að höfundurinn sjálfur haldi hér eftir höfundaréttinum að sínu eigin myndverki og fái hér tekjur beint frá endurbirtingaraðila, (ekki frá útgefanda frumbirtingar), enda er um skiptan höfundarétt að ræða og um að ræða sjálfstætt verk ljósmyndarans (eða annars sjónlistarmanns).

Formálagreinin tiltekur einnig sérstaklega að stundum geti endurbirting sem er þarna á gráu svæði fallið undir réttinn, sbr. *"mikilvægt að undanþágan fyrir mjög stutta útdrætti sé túlkuð þannig að hún hafi ekki áhrif á skilvirkni réttindanna sem kveðið er á um í þessari tilskipun. (58)"* Það ýtir undir þá túlkun að túlka beri þröngt hvað falli undir stutta úrdrætti.

**e. endurbirting til einkanota eða í ófárhagslegum tilgang**

Hvað með lífsstílsvefi og blogsetur sem mætti telja að væri með einhvers konar ritstjórn og fer fram í fjárhagslegum tilgangi? (T.d. Onlyfans, Tik Tok, Instagram, Snapchat og fleiri vefsetur áhrifavalda) Hvað með aðra samfélagsmiðla, eða vefsetur, eins og leitavélar eða Facebook síður og hópa? Eins eru V-blogs (enska: video blog eða Vlog) mjög vinsæl í dag og ýmiss konar fréttnæmir fyrirlestrar (t.d. ákveðinn hluti fyrirlestra af Ted Talks). Fellur slíkt efni undir réttinn? Hvað með fréttaefni sem ekki er ljóst um með eignamiðlun eða ritstjórn (t.d. „ghostwriters")?

### 35. Hvað er „viðeigandi hlutdeild“ skv. 5. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar og hver á að meta það? Dómstólar eða t.d. úrskurðarnefnd á stjórnsýslustigi?

Myndstef ítrekar mikilvægi þess að sú viðeigandi hlutdeild sem er tryggð öllum höfundum og rétthöfum fréttaefnis, samkvæmt ákvæðinu, sé lögfest með skýrum hætti í lögin og raunhæfar leiðir valdar í þeim efnum sem lagatextinn tilgreinir og afmarkar skýrt. Það er ekki vænn kostur fyrir höfunda sjónlistarverka, og þá sérstaklega sjálfstætt starfandi einyrkja á sviði sjónlistar, að þurfa að höfða dómsmál til að tryggja viðeigandi hlutdeild vegna endurnota verka sinna. Og hvert ætti að beina þeim kröfum? Að endurnotanda eða að útgefanda, sem er þá eflaust jafnframt vinnuveitandi og tryggir vinnuöryggi ljósmyndarans. Það er ekki raunhæfur kostur. Eins og hefur komið fram í þessari umsögn, hafa sjónlistarmenn hvorki tíma, stuðning, né fjárhagslega byrði til að reka slík mál, enda er um að ræða verkefnatengt svið sjálfstætt starfandi einyrkja, þar sem vinnuumhverfið er lítið og afmarkað, og þar sem starfsóöryggi er mikið og viðskiptatengsl mikilvæg.

Að aðildarríkin tryggi öllum rétthöfum viðeigandi hlutdeild er ágætlega skýrt í 2. mgr. og 5. mgr. 15. gr. og væri hægt að miða við það, og er mjög mikilvæg að verði sett inn í höfundalögin orðrétt, með skýringum í greinargerð.

Eins er mikilvægt að allir höfundar verka í fréttaefni sitji jafnt til borðs. Þetta er grundvöllur þess að 15. gr. hafi raunverulega réttaráhrif. Þannig er mikilvægt að t.d. ljósmyndurum og höfundum sjónlistarverka í fréttaefni séu tryggð hlutdeild í tekjunum, og það sé raunveruleg trygging. Þannig væri ekki góður kostur að höfundar þurfi að sækja slíkar tekjur í gegnum útgefendur, heldur að tekjurnar geti runnið beint til þeirra. Raunin hefur verið sú að það hefur verið mikið um ójafnvægi og stéttarskiptingu innan fagsins. Eins hafa frumútgefendur fréttaefnis hér á Íslandi í flestum tilvikum ekki tryggt sér réttinn frá höfundum til endurnota, og sérstaklega ekki til 3. aðila, og því er þetta ákvæði um viðeigandi hlutdeild, afar mikilvægt.

Að því sögðu hefur Myndstef lagt fram þá tillögu sem kemur fram hér einnig að neðan sem svar við spurningu nr. 36, að tryggt verði að gerðir séu sameiginlegir (kollektívir) samningar (samningskvaðir) við regnhlífarsamtök þeirra rétthafa sem eiga höfundavarin efni innan fréttaefnis.

Mikilvægt er einnig að 2. mgr. 15. gr. verði innleidd óbreytt, enda hafa höfundar fréttaefnis ekki efni á að einhver skerðing verði á þegar viðkvæmum réttindum þeirra.

### 36. Hvernig á að fara með innheimtu og dreifingu hlutdeildar höfunda skv. 5. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar? Gæti samningskvöð verið gagnleg í þessu sambandi?

Myndstef telur að samningskvöð væri gagnleg í þessu sambandi, og í raun eini kosturinn, og hún verði gerð jafnt og gagnsætt við alla höfunda fréttaefnis, þar sem jafnræði, sanngirni og gagnsæi er haft að leiðarljósi. Það er mikilvægt að höfundar þurfi ekki að sækja rétt sinn til útgefanda, eins og áður hefur komið fram. Það er einnig mikilvægt að þeir sem endurbirta fréttaefni þurfi ekki að semja við hvern og einn rétthafa, heldur geti gert heildarsamning sem yrði með samningskvöð, til að tryggja réttindi þeirra sem eru utan samtaka einnig. Þannig geti þeir sem hyggjast endurbirta fréttaefni gert samningskvöð við umsýslustofnanir þeirra höfunda sem eiga efni í fréttaefninu. Þetta fyrirkomulag er því öllum til hagsbóta.

Líklegast væri Fjölís hér góð regnhlífarsamtök þessara höfunda og rétthafa, þannig að allir rétthafar geti setið jafnt við sama borð, sem myndi svo úthluta og skipta slíkri innheimtu á milli þeirra rétthafasamtaka sem þar sitja. Þannig væri tryggt að allir rétthafar fái sanngjarnar bætur byggða á réttinum, og að réttarstaða og samningsstaða þessara höfunda og rétthafa sé byggð á jafnræði, gagnsæi og sanngirni.

Einnig myndi þetta ferli leiða til mikillar hagræðingar fyrir útgefendur sjálfa.

Ef þetta ferli verður ***ekki*** lögfest með 15. gr., hræðist Myndstef að 15. gr. muni í raun hafa fáar raunhæfar og réttarfarslegar breytingar fyrir ljósmyndara og aðra sjónlistarmenn sem eiga verk í

fréttaefni, og í raun muni 15. gr. missa mark sitt. Við hvetjum því ráðuneytið sérstaklega til að skoða þetta fyrirkomulag, og tryggja hér gagnsæi og jafnræði.

Að auki myndi þessi tilhögun vonandi og væntanlega hvetja útgefendur fréttaefnis til að stofna sín eigin samtök, sem myndi auðvelda samskipti og samtal enn meira.

### 37. Hvaða þýðingu mun hin nýja vernd sem 15. gr. tilskipunarinnar kveður á um hafa?

Þetta ákvæði mun hafa mikla þýðingu fyrir myndhöfunda og sjónlistarmenn – og þá sérstaklega ljósmyndara, sem verða oft út undan við samninga og ákvarðanir tengda endurbirtingu fréttaefnis, eins og hefur komið hér fram.

Mikill misskilningur er í fagi fjölmiðlunar og um réttarstöðu blaðaljósmyndara og annarra höfunda sjónlistarverka innan fréttaefnis, en er réttarstaða þeirra oft á tíðum sett undir sama hatt og blaðamanna – þó þarna geti verið ólíkir hagsmunir og um ólík form skapandi greinar er að ræða. Blaðamenn, eru eins og nafnið gefur til kynna, ráðnir til starfa á ákveðinn fjölmiðil, eða „blað“, og þeirra framlag felst fyrst og fremst í skapandi texta. Hér er að sjálfsögðu undantekning er varðar lausapenna og aðsendar greinar, pistla og annað fréttaefni sem gæti talist falal undir höfundarétt. Þar gætu félagsmenn Hagþenkis og Rithöfundasambandsins átt réttindi.

Blaðamenn vinna oftast fréttirnar með ljósmyndara eða annan sjónlistarmann sér við hlið. Oftast eru ljósmyndarar hins vegar lausráðnir, þeir eru verktakar, jafnvel alfarið án samninga, og því hefur ekkert framsal orðið á höfundarétti þeirra, og sérstaklega ekki vegna nota 3. aðila. Þessu getur og er oft öfugt farið hjá blaðamönnum, sem eru ofast fastráðnir, og hafa gert ítarlega samninga við útgefendur (vinnuveitenda) um starfskjör, laun og höfundarétt.

Þessi óljósa réttarstaða hefur gert það að verkum að ljósmyndir og myndverk eru oft endurnotuð og birt án heimildar myndhöfundar, og jafnvel þannig að skautað sé alfarið fram hjá því að afla leyfis og semja um greiðslur – þó svo að samið sé við höfunda textans, amk þannig að textahöfundi séu amk tryggð ákveðin kjör í kjarasamningum eða með launatöxtum á móti þeirri endurnotkun sem á sér stað.

Svona hefur þetta tíðkast í faginu í allt of langan tíma, og þessu þarf að breyta að mati Myndstefs. Við bindum miklar vonir við að 15. gr. DSM tilskipunarinnar muni gefa þessum höfundum tilefni til að setjast niður við sama borð, ræða höfundarétt og sameina aðferðir og samningsstöðu sína - jafnvel til framtíðar. Samtal er alltaf af hinu góða, og því ber að fagna.

Það er því mikilvægt að mati Myndstefs að höfundar texta fréttaefnis (blaðamenn (BÍ), rithöfundar (RSÍ) og fræðimenn (Hagþenkir)) og höfundar myndefnis (ljósmyndarar (Myndstef)) eigi gott samtal um framlag höfunda innan fréttaefnis. Þess ber að geta að þetta samtal er hafið, og hefur einnig verið borið upp á stjórnarfundi Fjölís, og mun það vonandi halda áfram. Næsta skrefið er að útgefendur fréttaefnis stofni sín sameiginlegu samtök, og setjist til borðs með höfundum.

Að mati Myndstefs (og þessu tengdu) mættu samtök höfunda fréttaefnis gera viðmiðunarsamkomulag sín á milli um einhverja staðlaða meðaltals hlutdeild hvers höfundar innan fréttaefnis. Til dæmis þannig að blaðamenn (Blaðamannafélag Íslands) fengju 50%, ljósmyndarar og aðrir sjónlistarmenn (Myndstef) fengju 30%, rithöfundar (RSÍ) 10% og fræðiritarar og „non-fiction“ höfundar (Hagþenkir) 10%. Þannig væri hægt að miða við þá hlutdeild almennt í málefnum er snerta endurnotkun fréttaefnis innan 15. gr., en einnig í öðrum málum er varða endurbirtingu og notkun fréttaefnis almennt, til dæmis í samningum við Landsbókasafn (vegna timarit.is) í væntanlegum samningum vegna 17. gr. DSM tilskipunarinnar.

## *16. gr. tilskipunar – Kröfur um sanngjarnar bætur*

### 38. Ætti að nýta þetta heimildarákvæði og þá hvernig?

Nei, enda er um að ræða **höfunda**réttindi, sem er einn framtíðar afkomuréttur höfunda. Útgefendur og framleiðslu-og útgáfu bransinn hefur aðgang að fjölmörgum framleiðslu og útgáfustyrkjum, endurgreiðslukerfum, miðastyrkjum og sölustyrkjum, og öðrum leiðum til fjármögnun verka, sem eru ekki tengd undanþágum eða takmörkunum á höfundarétti höfunda. Því ætti bótakerfi og þóknunarkerfi samningskvaða, sérstaklega þegar þóknun eða bætur koma frá hinu opinbera eða úr ríkissjóði, að renna alfarið til höfundanna. Ef samningskvaðir eru gerðar við notendur sem eru einkaaðilar (t.d. sjónarvarpsréttindi, kapalgeirinn og endurvarp) gæti verið tilefni til þess að útgefendur sitji við sama borð, og hlutdeild sé þá skipt jafnvel 50/50 milli útgefanda og höfunda.

# 17. gr. DSM tilskipunar – Not höfundaréttarvarins efnis á netþjónustuveitum

**Formáli um 17. gr.**

Myndstef telur 17. gr. fela í sér mikilvæga réttarbót og ákveðna leiðréttingu á notkun höfundavarins efnis, sem hefur viðgengst í allt of langan tíma án nokkurrar sanngjarnar þóknunar til handa höfundum og öðrum rétthöfum. Myndstef telur að til þess að þau leyfi sem veita þarf á grundvelli 17. gr. skili sem bestum árangri – bæði fyrir notendur, efnisdeiliþjónustuþjónustuna og rétthafa – þurfi að nýta hér samningskvaðaheimildir. Eðlilegast væri að lögfesta sérstaklega slíka heimild í lögin, með vísun svo í skilyrði 26. gr. a. höfl. Að auki telur Myndstef þann samningsaðila sem væri best bær til að tryggja jafnræði, gagnsæi og sanngirni til handa öllum rétthöfum, vera sameiginleg regnhlífarsamtök rétthafa, t.d. IHM. Myndstef telur réttindum flestra höfunda og annarra rétthafa best borgið með því að sameina starfsemi IHM og Fjölís undir ein regnhlífarsamtök, sem yrði svo skipt niður í deildir miðað við þau sameiginlegu (kollektívu) réttindi sem samtökin hafa heimild til að meðhöndla. Það myndi auka hagræði og samningsstöðu slíkra samtaka, sem og gera stjórnsýslu og yfirbyggingu slíkra samtaka skilvirkari og gagnsærri. Sjá tillögur Myndstef hér að ofan undir spurningu nr. 36 og síðar undir spurningur nr. 40.

Einnig er einkar mikilvægt að löggjafinn taki af skarið um úrlausn ágreiningsmála, viðurlög og lögsögu varðandi 17. gr., enda hafa kollegar Myndstefs og systursamtök í Evrópu átt í miklu basli í samningum sínum við stærri efnisdeiliþjónustur, vegna þessa. Slíkir erfiðleikar veikja mjög samningsstöðu umsýslustofnanna og getur lamað aðra starfsemi þeirra, þar sem margar slíkar íslenskar stofnanir og rétthafasamtök hafa einfaldlega ekki burði til að sækja mál fyrir dómstólum. Að því sögðu telur Myndstef mikilvægt að tryggja íslenska lögsögu. Þá er sömuleiðis mikilvægt að samningar séu á íslensku, enda samningsstaða réttahafa oft sú að hún sé veikari gegn þessum stórfyrirtækjum (svo sem Meta (Facebook og Instagram) og Google), og því ætti að nota móðurmál rétthafa og samtaka þeirra við samningsgerðina.

### 39. Ákvæði 17. gr. tekur til efnisdeiliþjónustu sem eru í „mikilvægu hlutverki á markaðnum fyrir efni á netinu“ og „í samkeppni við aðrar efnisdeiliþjónustur á netinu“, sbr. formálsgrein 62. Hvernig verður slíkt metið? Eru einhverjar efnisdeiliþjónustur hér á landi sem falla undir þá skilgreiningu?

Skilgreining á því hvaða efnisdeiliþjónustur falla undir 17. gr. er mjög mikilvæg. Þessar skilgreiningar um efnisdeiliþjónustur er mikilvægt að setja inn í lagatextann sjálfan, til að taka af allan vafa um þessi atriði, og ætti að mati Myndstefs að líta mjög víðtækt á skilyrðið „í samkeppni við aðrar

efnisdeiliþjónustur á netinu“, þannig að litið sé til allra atriða hvað það varðar og samkeppni sé höfð almenn og ekki of þröngt skilgreind. Hér myndi til dæmis nægja að veiturnar séu á svipuðum notendamarkaði, þó þær séu ekki að deila sama efninu endilega. Þessa túlkun styðja formálagrein 62: *„...með því að vera í **samkeppni** við aðra efnisdeiliþjónustuþjónustu á netinu....sem hefur þann megintilgang eða einn megintilgangur hennar er að geyma og gera notendum kleift að hlaða upp og deila miklu magni af höfundaréttarvörðu efni“.* Að mati Myndstefs er hér um nægilega afmörkun að ræða, þ.e.a.s. ef megintilgangur efnisdeiliþjónustu er að gera notendum kleift að hlaða upp og deila efni, þá er skilyrðunum náð.

Jafnframt er ljóst með ákvæðinu og ofangreindri formálagrein, að til þess að aðrir réttahafahópar en beinir rétthafar kvikmynda og tónlistar eigi að geta gengið til samningsborðs við efnisdeiliþjónustur þarf íslenski löggjafinn að taka hér af allan vafa að um allar gerðir efnisdeiliþjónusta getur verið að ræða, og að samkeppniskrafan sé alls ekki bundið við form verkanna, heldur sé bundin við þá skilgreiningu að verið sé að hlaða upp og deila höfundavörðu efni, sama á hvaða formi. Þetta þarf að mati Myndstefs að vera mjög skýrt.

Hér á landi verður að skoða sérstaklega þann markað og þá sérstöðu sem gildir hér á landi, og taka af skarið í þessum efnum. Enginn veit hvernig þróun í þessum efnum verður, hvaða stórfyrirtæki og efnisdeiliþjónustur koma næst, hvernig tækni þróast og hvaða efni verður næst notað í eins ríkum mæli og hefur verið, t.d. á Facebook. Kannski verða efnisdeiliþjónustur 3D í framtíðinni, kannski verða þær einungis sjónrænar eða einungis hljóð- og myndmiðlaverk (audio-visual works). Hér þarf að passa upp á að innleiðing verði ekki gerð of þröng og girði fyrir tækni- og aðgangsbreytingar, þannig að það nái eingöngu yfir einstaka efnisdeiliþjónustur.

Sem dæmi myndi það koma til álita hvort www.sarpur.is væri slík þjónusta? Enn fremur kæmi til álita hvort vefsvæði og efnisdeiliþjónustur safnanna falli þarna undir, eins og efnisdeiluþjónusta Listasafns Reykjavíkur, https://safneign.listasafnreykjavikur.is/ . Myndabönkum eru að fjölga hér á landi og áhrifavaldar eru að opna sínar eigin heimasíður sem eru gagnvirkar og eru opnar fyrir þjónustu og efnisdeiliþjónustu. Taka verður tillits til þessara atriða og á móti þarf að stuðla að eðlilegri markaðsþróun og uppfylla skilyrði 17. gr. um hvaða efnisdeiliþjónustur geti ekki fallið þarna undir. Þetta þarf að skoða, vega og meta.

Mikilvægast í þessum efnum er að mati Myndstefs að öll listform og allir rétthafar sitji hér jafnt til borðs. Einnig að allt skapandi efni, sem er höfundavarið, falli undir, sem og allar veitur sem hlaða upp eða deila slíku efni (eða notendur þessara veita). Þannig verða allir hópar rétthafar að hafa raunverulegt og jafnt tækifæri á að semja við efnisdeiliþjónustur innan 17. gr.

Að lokum skal minnast á lifandi streymi. Bent hefur verið á að með orðalagi 17. gr. sé óljóst hvort lifandi streymi eigi að falla undir 17. gr., þar sem slíkt efni er ekki talið vera geymt á efnisdeiliþjónustunni. Myndstef vill með því ítreka að þó efni sé ekki geymt á efnisdeiliþjónustunni, er samt um opinberan flutning að ræða, sem fellur undir einkarétt höfundar. Þetta er einkum mikilvægt í dag, eftir heimsfaraldurs, þar sem alls konar lifandi streymi hefur tröllriðið efnisdeiliþjónustum. Lifandi streymi ætti því með þeim sjónarmiðum að falla undir 17. gr., að mati Myndstefs, ef ekki eru þegar samningar um slík endurnot eða birtingu.

### 40. Norræn rétthafasamtök hafa væntingar til að innleiðing ákvæða 17. gr. tilskipunarinnar leiði til tekjuaukningar rétthafa. Liggur fyrir mat um slíkt? Ef ekki hvernig er slíkt metið?

Ljóst er að gríðarlegu magni af sjónrænu efni er deilt í gegnum efnisdeiliþjónustur, oft með því markmiði að auka efnahagslegt, menningarlegt eða samfélagsleg gildi þeirra sem deila, sem speglar sig í mikilli tekjuaukningu fyrir efnisdeiliþjónusturnar sjálfar. Margar efnisdeiliþjónustur einfaldlega

byggja á og hrærast nær eingöngu í sjónrænu umhverfi og myndlæsi. Eins nota leitarvélar gríðarlegt magn af sjónrænu efni.

Að mati Myndstefs þarf varla að tíunda hversu mikilvæg 17. gr. mun koma til með að vera fyrir sjónlistarmenn. En til þess að 17. gr. verði raunhæf, nægilega gagnsæ og sanngjörn í raun, þarf að innleiða hér samningskvöð og skylda þær efnisdeiliþjónustur sem falla undir skilyrði 17. gr. til að ganga til samninga við rétthafa vegna þeirra verka sem notendur hlaða upp og deila á efnisdeiliþjónustunum. Þetta er mjög mikilvægt þar sem efnisdeiliþjónusturnar hafa afar sterka samningsstöðu og er það algerlega ómögulegt fyrir hvern og einn höfund að semja við efnisdeiliþjónusturnar, eða fyrir samtök sem ekki hafa heimild til að gera samningskvaðasamninga. Það segir sig sjálft að það er nær ómögulegt að tiltaka og tilgreina hver einustu not í gegnum t.d. samfélagsmiðla. Að ætlast til þess að hver og einn höfundur, eða hvert og eitt hagsmunafélag höfunda vakti hverja einustu birtingu verka sinna á miðlum eins og Instagram eða Facebook er í raun ógjörningur. Þó gæti slíkt verið gerlegt ef efnisdeiliþjónustan sjálf samþykkir og getur veitt aðgengi að slíkum upplýsingum.

Að auki er mikilvægt hér, eins og við innleiðingu annarra ákvæða í þessari tilskipun, að allir höfundar komi hér jafnt að borði og að samningsstaða allra höfunda verði hér tryggð, þannig að raunverulega sé unnt að krefjast viðeigandi og sanngjarnrar þóknunar – bæði fyrir rétthafa en ekki síður fyrir efnisdeiliþjónustuna sjálfa. Sú staða gæti annars komið upp, að ef ein rétthafasamtök ætla sér að innheimta mjög ríflega fyrir not verka sinna félagsmanna, og í raun tæmi „budget“ efnisdeiliþjónustunnar til að greiða fyrir höfundarétt, að þá geti það reynst „minni“ rétthafasamtökunum erfiðara að reyna að ná fram sínum kröfum. Það gæti jafnvel farið svo að efnisdeiliþjónustan ákveði frekar að taka „sénsinn“ við „minni“ félögin og sleppa samningum þar, en semja eingöngu við þau „stærri“ félögin. Þetta er mikilvægt atriði og raunveruleiki sem þarf að hafa í huga við innleiðingu á 17. gr., og sameiginleg regnhlífarsamtök allra rétthafa, sem myndu sjá um samninga fyrir alla hópa rétthafa beint í sinum samningi við efnisdeiliþjónustuna, myndi eflaust koma í veg fyrir að þessi staða yrði til.

Það er því mikilvægt að mati Myndstefs að regnhlífasamtök höfunda taki að sér að gera samningskvaðir í þessum efnum og úthluti svo til sinna meðlima og rétthafasamtaka, svipað og Myndstef stingur upp á með 15. gr. Hins vegar yrði IHM hér betri kostur sem umsýslustofnun vegna þeirra leyfa sem þarf að afla á grundvelli 17. gr.

Myndstef endurtekur og ítrekar mikilvægi þess að höfundar og rétthafar standi hér saman og nýti sér styrk stórra samtaka, í þeim krefjandi samningaviðræðum sem framundan eru. Ísland er lítið land, hér eru samtök höfunda smá, eru jafnvel ekki með starfsmann og stjórnarmenn vinna félagastarfið í hlutastarfi. Þess konar samtök hafa ekki burði til að ráða sér lögfræðing eða vinna að slíkum samningum. Þessar ástæður skapa ákveðna sérstöðu við innleiðingu á Íslandi, og ber að hafa í huga.

Varðandi hvernig eigi að finna út og meta hvaða tekjur hér gæti verið um að ræða væri mögulegt að IHM eða regnhlífarsamtök rétthafa stæði fyrir könnununum, eða að samtökin beittu sér fyrir því að fá upplýsingar beint frá efnisdeiliþjónustunum, og mögulega að þjónustan beri þá kostnað af slíkri upplýsingaöflun/könnunum. Aðgengi efnisdeiluþjónustanna sjálfra að því að áætla hversu mikið af íslensku höfundavörðu efni sé deilt á þeirra veitum er að sjálfsögðu meira en höfundanna sjálfra. Eins hafa efnisdeiliþjónusturnar sjálfar hagsmuni af því að fá úr þessu skorið, og því eflaust eðlilegra að þær fari sjálfar í að afla þeirra upplýsinga og kosta kannanir eða aðra skýrsluvinnu hér um. Það gæti jafnvel verið tilefni til að skylda efnisdeiluþjónustur til að skila hér skýrslu um not höfundavarins efnis á efnisdeiluþjónustunni.

Tekjuaukning á þessu sviði getur skapað afar jákvæða innspýtingu inn í íslenskt menningarlíf almennt, einkum eftir COVID tíma. Sjónlistarmenn, og einkum myndlistarmenn, teiknarar, hönnuðir,

ljósmyndarar og aðrir sjónlistarmenn sem starfa sjálfstætt, hafa almennt ekki í marga sjóði að sækja þegar kemur að afla tekna fyrir verk sín. Það má segja að sjónlistir reki lestina hvað varðar höfundasjóði, starfslaun, endurgreiðslukerfi, verkefnastyrki og aðrar opinberar og einkaleiðir til tekna. Enn fremur er fag sjónlistar oft með mun lægri innkomu vegna sameiginlegrar (kollektívrar) innheimtu á sviði höfundaréttar, þar sem samningsstaða þessara höfunda hefur verið veikari en þeirra „stærri“ (eins og tónhöfunda og rithöfunda).

Þessi tekjuaukning mun í raun „leiðrétta“ ákveðna glufu sem hefur verið viðvarandi í eintakagerð og deilingu efnis inn á efnisdeiliþjónustum hingað til, þannig að einkaréttur höfundar skv. höfundalögum verði virtur og að rétthafar fái greitt fyrir þessi miklu not - svo ekki sé talað um mikilvægi þess að færa ábyrgðina á réttan stað.

Þau tækifæri sem felast í auknu samtali milli höfunda (t.d. í gegnum Fjölís og IHM) eru ómetanleg fyrir hóp sjónlistarmanna, þar sem allir höfundar sitja við sama borð og úthluta fjármunum á milli sín. Slík samvinna og samstarf er sem betur fer að aukast með hverju árinu, enda eru listamenn og listin orðin mun þverfaglegri en hún var. Listamenn sem eru myndlistarmenn, eru oft einnig tónlistarmenn, þeir eru einnig að gefa út bók og þeir eru einnig í stjórnmálum, í skipulagsmálum og á auglýsingastofum. Þetta er orðið allt annað umhverfi í dag, og því ber að fagna. En það vantar að löggjöfin og samtalið fylgi þróun, og það vantar sterkari sameiginlegan vettvang fyrir höfundana.

Vegna smæðar markaðarins á Íslandi stingur því Myndstef upp á því ***að sameina hlutverk og störf IHM og Fjölís*** og stofna frekar deildir innan þess sameiginlega félags, sem myndi þá taka á þeim kollektívu réttindum sem við á hverju sinni og eiga við um þau verk sem eru sameiginleg þessum hópum, eða skarast á milli þessara rétthafa á einhvern hátt. Hugmynd að skiptingu er t.d.;

a. Bætur vegna eintakagerðar til einkanota, sbr. 11. gr.
b. Kapalgeirinn og endurvarp
c. Útsendingar sjónvarps (broadcasting rights)
d. Endurgerð til stofnanna og skóla (ljósritun og skönnun, Reprographic Rights“, sem er nú í höndum Fjölís)
e. Opinber lán (public lending rights)
f. 15. gr. DSM (og þar undir myndi falla endurnot á timarit.is, og öðrum sambærilegum vettvöngum)
g. 17. gr. DSM

### 41. Hvernig er best að innleiða ákvæði 2. mgr. 17. gr. um gildissvið leyfissamninga? Mögulegar útfærslur eru: 1) Með því að lögfesta að samningar á milli veitanda efnisdeiliþjónustu og rétthafa eigi einnig að gilda um notendur efnisdeiliþjónustunnar, þ.e. útvíkkun samningsins til þeirra; 2) innleiða takmörkun í höfundalögin þess efnis að notendur efnisdeiliþjónustu megi hlaða upp verkum sem veitendur þeirrar efnisdeiliþjónustu hafa gert samninga um; eða 3) lögfesta að samningar á milli veitanda efnisdeiliþjónustu og rétthafa skuli kveða á um rétt notenda skv. samningnum.

Myndstef telur leið 1) vera ákjósanlegasta í þessum efnum, enda mikilvægt að skýrt sé að gildissviðið nái einnig til notenda og þeirra nota á efnisdeiliþjónustunni. Þessi leið ýtir einnig undir og er ***hvatning*** fyrir efnisdeiluþjónustuna til að semja beint við rétthafasamtök, því án samninga er efnisdeiluþjónustan og notandinn án heimildar. Þessi leið gæti einnig verið sem gagnsæust gagnvart notendum, sem ella eru í óvissu um hvort samningar hafi verið gerðir og þá hvernig.

### 42. Er heimilt og ætti að útfæra frekar skyldu veitenda efnisdeiliþjónustu til að afla samþykkis skv. 4. mgr. 17. gr.? Sem dæmi ef efnisdeiliþjónusta tekur til mikils magns verka af ákveðinni tegund, er þá nægilegt að viðkomandi gerir samnings við umsýslustofnun sem kemur fram fyrir hönd rétthafa á viðkomandi sviði og stærri aðila, eða þarf veitandi efnisdeiliþjónustunnar líka að semja við minni aðila ? Getur veitandi efnisdeiliþjónustu talist hafa gert sitt „ýtrasta til að afla heimildar“ ef þeir hafna samningum um leyfisveitingu, t.d. með vísan til að leyfisveitandi krefur of mikils endurgjalds?

Myndstef ítrekar að hér þarf að semja við alla réttahafa og endurtekur því lausn sína sem sett er fram hér í spurningu 40, hér að ofan – að regnhlífarsamtök taki að sér samningsgerðina og úthlutun til allra rétthafahópa fari fram með samningskvaðasamningum. Það hlýtur að þurfa að vera meginreglan, og ákveðið leiðarljós að efnisdeiliþjónustur séu ábyrgar fyrir ***öllu*** höfundavörðu efni sem er hlaðið upp á efnisdeiliþjónustuna og því þurfi sú efnisdeiluþjónusta að semja við ***alla*** höfunda.

Það virðist vera þannig að efnisdeiluþjónustan geti „ákveðið“ hvað sé sett í samninga og reynt að bera fyrir sig að hún hafi „gert sitt ítrasta“ til að afla heimilda. Til að ofangreind ábyrgðarfirring reynist ekki verða að meginreglunni, og til þess að 17. gr. hafi í raun það markmið og þau réttaráhrif sem það á að hafa, er mikilvægt að hafa kröfur hér strangar um hvaða aðgerðir geti talist vera þær teljist þannig að „reynt hafi verið til hins ítrasta“. Að mati Myndstefs mætti löggjafinn ávarpa þetta atriði vel og setja góðar skýringar í greinargerð svo ekki sé hægt að fela sig á bak við þetta orðalag, nema það sannanlega eigi við.

Efnisdeiliþjónustur geta hér notað ýmsa tækni til að reyna að fá notendur þjónustunnar í að haka í ákveðin „box“ eða samþykkja sérstök skilyrði eða skilmála. Það verður að vera skýrt með innleiðingunni að ef slíkir skilmálar eru til staðar, þurfi þeir að vera 100% gagnsæir, það þarf að ríkja alger upplýsingaskylda af hálfu efnisdeiluþjónustu og að notandi gefi upplýst samþykki. Ef þessum skilyrðum er fylgt gefur það auga leið að það er í raun „auðveldara“ og hagkvæmarar fyrir efnisdeiluþjónustuna að gera frekar samninga við rétthafa, sem nær þá einnig til notenda. Ella gæti svo farið að markmið og starfsemi efnisdeiliþjónustunnar leggist af – enda væru ekki margir notendur sem í raun myndi geta samþykkt slíka skilmála, ef þeir væru nægilega upplýstir um hvað í þeim felist.

Hvað sem þessu líður er mjög mikilvægt, eins og fyrr segir, að löggjöfinn taki jafnt til allra rétthafa og að samningsferlið sé einfaldað og að sú þóknun sem komi fyrir notin sé það sanngjörn. Það þarf að vera þannig að það borgi sig alls ekki fyrir efnisdeiliþjónustuna að reyna aðrar leiðir, eða taka „sénsinn“ með notunum án samnings. Þess vegna er enn mikilvægara að regnhlífarsamtök rétthafa semji við efnisdeiluþjónustur, en ekki einstaka rétthafasamtök, því það mun vissulega skekkja myndina og kökuna ef hver og ein rétthafasamtök reyna að semja um endurgjald, byggða á sínum eigin forsendum.

43. Veitendur efnisdeiliþjónustu skulu hindra aðgang að og fjarlægja efni sem þeim hefur borist tilkynning um frá rétthöfum, sbr. c.-liður 4. mgr. 17. gr. og um leið að tryggja að notendur geti hlaðið upp efni sem þeim er heimilt samkvæmt takmörkunum á höfundarétti, sbr. 7. mgr. 17. gr. Ákveðnar aðferðir við að hindra aðgang að ólöglegu efni munu í framkvæmd einnig mögulega hindra notendur í hlaða upp löglegu efni. Í tilskipuninni gerir því ráð fyrir að hagsmunamat skuli fara fram við not á slíkum aðferðum, þ.e. hagsmunamat á á mikilvægi þess að hindra aðgang að ólæglegu efni skv. 4. mgr. 17. gr. og þess að slíkar aðgerðir geti 7 hindrað möguleika notenda að hlaða upp efni löglega skv. 7. mgr. 17. gr. Við hvað ætti að miða við slíkt hagsmunamat?

Þetta er mjög tæknileg spurning og tæknilegt úrvinnsluefni, sem efnisdeilsuþjónusturnar eiga vonandi eftir að leysa – og spurning um hversu miklar og ítarlegar aðgerðir þarf að fara í, án þess að um ritskoðun sé að ræða, eða án þess að skerða tjáningarfreslsi um of.

Hér þykir Myndstef nauðsynlegt að það sé um jákvæða ábyrgð að ræða, þ.e.a.s. að efnisdeiliþjónustur eigi að hindra notanda í að hlaða upp efni, nema notandi hafi gefið nægilegar upplýsingar um lögmæti notanna. Mat um hvaða upplýsingar séu hér nægilegar verður að vera nægilega víðtækt til að raunhæft sé. Til dæmis er ekki skráningarskylda á höfundaréttarvörðum verkum á Íslandi og eru því engin sjónlistarverk „skráð“ á einhverjum gagnagrunni eða hjá stofnun. Myndstef heldur til dæmis ekki skrá yfir öll íslensk myndverk sem eru í höfundarétti. Annað má t.d. segja um tónlist, en þar er skráning og utanumhald meginreglan. Það myndi því ekki duga að notandi reyni að bera fyrir sig að enginn höfundur sé skráður fyrir verkinu og því hljóti notkun að vera heimild. Eða að verkið finnist ekki í gagngrunni safna eða slíkt. Það verður að hafa í huga þetta mismunandi eðli sjónlistaverka, þegar kemur að innleiðingu þessa ákvæðis og þess hagsmunamats sem þarf að fara fram.

Séð frá rétthafanum sem bannar not á efnisdeiliþjónustunni, þá ætti að vera nægilegt fyrir slíkt bann og þá hindrun að tiltaka að verk ákveðinna höfunda megi ekki deila á efnisþjónustunni og ætti ekki að þurfa að tilkynna slíka bann í hvert einasta skipti sem notendur hlaða upp efni þessa sjónlistarmanns.

Myndstef vill vekja athygli á því að hér skortir á hvað gerist ef þessari skyldu er ekki fullnægt, þ.e. það skortir að vísa til viðurlaga.

44. Að hve miklu leyti heimilar tilskipunin að veitendur efnisdeiliþjónustu noti sjálfvirkar aðferðir, þ.m.t. sjálfvirkar síur , til að hindra aðgang að efni sem rétthafar hafa sent tilkynningu um skv. c. – lið, 4. mgr. 17. gr.? Er hætta á að slíkar sjálfvirkar aðgerðir muni í raun hindra að hægt sé að hlaða upp löglegu efni skv. 7. gr. 17. gr.?

Sjá svar hér að ofan.

45. Takmarkanir á höfundarétti vegna tilvitnana, gagnrýni, lista- eða ritdóma, sbr. 14. gr. höfl., ásamt notum vegna skopmynda, skopstælinga eða annarrar stælingar hafa hingað til verið álitnar valkvæðar fyrir aðildarríki. Með tilskipuninni teljast þessar takmarkanir skyldubundnar. Leiðir 2. mgr. 7. mgr. 17. gr. til þess að breyta þurfi íslensku höfundalögunum?

Það væri æskilegt að nýta tækifærið og hafa þetta skýrar. Nú þegar eru undanþágur vegna tilvitnana og notkunar fjölmiðla við dægurmálefni en helst vantar ákvæði er varðar skopstælingar og háð. Hins vegar er flókið álitamál hvort og hvaða verk eða efni fellur undir þá undanþágu, og hver leggi mat á slíkt. Það ætti ekki að leiða til þess að markmið og efni 17. gr. rýrist, né að heildarsamningar, leyfi og greiðslur til handa rétthafa geti lækkað vegna þessa.

Þarna þarf því að feta mikilvægan meðalveg og leyfa höfundaréttinum að njóta vafans. Þarna er enn eitt dæmið um það að samningskvaðaleyfi, gegn þóknunnar í formi eingreiðslu frá efnisdeiliþjónustu til handa regnhlífarsamtökum höfunda, sem úthluta til allra rétthafahópa, sé ákjósanlegasta lausnin, í stað þess að reyna að flokka og tilgreina um of hvað sé hvað. Þó skýrari ákvæði um paródíur og háð, og þær takmarkanir sem gilda í 14. gr. séu settar í höfundalög, þá ætti slíkt einungis að beinast að notendunumn sjálfum en ekki efnisdeiliþjónustunni og stóra samhenginu. Þannig ætti það að vera skýrt í löggjöfinni að öll not efnisdeiliþjónustu falli undir 17. gr., þ.e.a.s. upp að þeim skilyrðum uppfylltum sem þar eru greind, og skiptir þar ekki máli hvort einhver not séu á gráu svæði og kunni að falla undir undanþáguákvæði höfundalaga (t.d. eintakagerð til einkanota). 17. gr. og tilgangur hennar er fjárhagslegur ávinningur efnisdeiliþjónustunnar af því að notendur noti hana og hlaði upp og deili efni, og skiptir þar í raun ekki öllu máli hvort það efni falli undir takmörkunina eða ekki. Það er tilgangur og vernd 17. gr. sem hér þarf að tryggja.

Eins og fyrr segir – það yrði allt of flókið að reyna að tilgreina um of þarna á milli, og ekki víst að það hefði hvort eð er eitthvað að segja fyrir markmið 17. gr. Frekar væri þá möguleiki fyrir umsýslustofnanir að líta til og taka tillit til þess við samningsgerðina, að verk gætu fallið undir takmörkun (t.d. ef ákveðin efnisdeiluþjónusta er nær eingöngu í því markmiði að deila háði eða paródíu) og gera ráð fyrir því til lækkunar í upphæð þóknunar.

### 46. Í ljósi þess að 17. gr. er ekki í upptalningu 23. gr. tilskipunarinnar um ákvæði sem ekki er heimilt að víkja frá með samningum mættu veitendur efnisdeiliþjónustu kveða á í sínum samningum að aðrir skilmálar gilda um not af þeirra þjónustum en sem leiðir af ákvæðum 17. gr.?

Já. Það ætti ekki að vera hægt að víkja frá þessum reglum, og þó 23. gr. telji ekki upp 17. gr. þá ætti það ekki að hafa neina þýðingu í þessum efnum, enda er 17. gr. í öðrum kafla og fjallar um annað efni en 23. gr. tilskipunarinnar. Myndi efni 17. gr. missa mark sitt ef hæg væri að víkja frá efni hennar með samningum.

### 47. Hvernig ætti að koma á fyrirkomulagi til að leysa úr málum utan dómstóla á grundvelli 9. mgr. 17. gr.? Hver ætti að bera málskostnað

Spurning er um það hvort úrskurðarnefndin í 57. gr. ætti að eiga hér við um ágreiningsmál, og þykir Myndstef eðlilegt að nýta þann vettvang sem þegar er til í höfundarétti. Það eru reglur til um þessa úrskurðarnefnd (frá 1996). Í þeim reglum segir að þóknun vegna nefndarstarfa úrskurðarnefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

## 3. kafli IV. bálks DSM tilskipunar (18. – 23. gr.) – Ákvæði um sanngjarna þóknun í samningum við höfunda og listflytjendur um hagnýtingu

*Ákvæði um sanngjarna þóknun í samningum við höfunda og listflytjendur um hagnýtingu er að finna í 18. - 23. gr.*

Í 3. kafla IV. bálks tilskipunarinnar er að finna ákvæði um sanngjarna þóknun til höfunda og flytjenda í samningum um hagnýtingu. Kveðið er á um  að í löggjöf aðildarríkjanna skuli taka tillit til aðstæðna hjá ólíkum hópum rétthafa.

**Almennt:**

Í Íslandi hafa samningamál höfunda og framleiðenda *(sem eru t.d. kvikmyndaframleiðendur, vöruframleiðendur, bókaútgefendur ofl.)* verið í hálfgerðum lamasessi. Samningamál við einstaka hópa höfunda, til dæmis tónhöfunda og rithöfunda (vegna bókaútgáfu), hafa batnað undanfarin ár.

Einnig hafa samningamál flytjenda batnað (bæði tónlistarfólk og flytjenda/leikara/dansara). Hið sama er síður hægt að segja um sjónlistarmenn, sem og aðra höfunda (eins og handritshöfunda, leikstjóra og fræðahöfunda). Í mörgum tilvikum eru ekki gerðir samningar yfir höfuð, á meðan aðrir samningar hafa eingöngu innihaldið örfáar setningar. Þegar samningar eru gerðir, eru þeir yfirleitt stuttir og taka á engan hátt nægilega á réttindum höfunda eins og endurnotum, endurútgáfu, dreifingu og öðrum mögulegu framtíðarnotum. Í þeim undantekningartilvikum að samningar eru ítarlegir þá eru það flóknir samningar, þeir eru jafnvel ekki á frumtungumáli höfundar eða í hans lögsögu, og ómögulegt er fyrir ólöglærðan aðila að skilja hvað ákvæði hans þýða.

Einnig má nefna að það hefur skapast mis-viðtekin framkvæmd að framleiðandi leggi samning fyrir höfund og segi hann vera „staðlaðan“ og ef höfundur spyr spurninga eða veltir upp ákveðnum álitamálum, þá er hætt við að framleiðandi leiti annað. Þetta skapar oft erfiða stöðu fyrir höfund, sérstaklega þar sem nokkur einokun ríkir á litlum skapandi markaði Íslands, og því getur eitt „vesen“ leitt til ákveðinnar útskúfunar úr faginu. Það veikir enn samningsstöðu höfunda að verkefni eru fá, samkeppni er hörð og flestir höfundar vinna oft langt undir meðallaunataxta, allt til að halda í viðskiptatengsl og verkefni.

Án upplýsinga og þekkingar er ekki hægt að semja. Það ógagnsæi sem hefur þrifist á markaði skapandi greina, óvissa um réttarstöðu, þekkingarleysi og hræðsla við að missa verkefni, hefur einkennt flest fög hingað til. Þetta ástand er bæði höfundum og framleiðendum til trafala, því margir framleiðendur ætla sér ekki að hlunnfara réttindi höfunda en framkvæmdin er bara ekki betri en svo, og samtalið enn síðra. Eins er markaðurinn á Íslandi mjög lítill, og atvinnutækifæri minni erlendis frá, af landfræðilegum ástæðum.

Það verður að krefjast skýrra upplýsinga um áætluð not þeirra verka sem framleiðandi hyggst framleiða, dreifa og selja. Hér þarf að tiltaka söluverð, tímabil, upplag og mögulegar birtingar- og dreifingarleiðir. Gagnsæi er alger grundvöllur þessa nýja kafla og að mati Myndstefs verður að leggja sérstaka áherslu á að við innleiðingu á 19. gr. verði leitað ríks samtals og tryggt að réttaráhrif hennar skili sér inn í fagið. Gagnsæi er einnig alger grundvöllur fyrir góðu samstarfi framleiðenda og höfundar og tryggir að mikilvægt hlutverk framleiðenda fái þá virðingu og það gildi sem því ber að fá. Ella munu höfundar leitast við að gefa út verk sín sjálfir, sem má halda að komi engum til góðs. Slíkt hefur því miður farið að tíðkast að miklu leiti – og þá sérstaklega í tónlist og bókmenntum, en æ fleiri höfundar kjósa að gefa þar út verk sín sjálfir, einmitt til þess að komast hjá óskýrleika og ógagnsæi við dreifingu og sölu verka sinna.

Þessu þarf að breyta, og það er bæði til góðs fyrir framleiðendur og höfunda/flytjendur.

Þessi kafli er því afar mikilvæg réttarbót fyrir alla höfunda, og sérstaklega höfunda sjónlista. Bæði þarf að styrkja og tryggja jafna réttarstöðu sjónlistarmanna við sameiginlega (kollektíva) samningagerð og við einstaka samningagerð milli sjálfstæðra sjónlistarhöfunda og framleiðenda.

Þeir sjónlistarmenn sem sjá hag sinn í bættri, sanngjarnari, gagnsærri og jafnari samningsstöðu, sem og möguleika á viðbótarþóknun, eru t.d.;

- Arkitektar, og þá einkum í samningum við hið opinbera.
- Leikmynda, sviðsmynda og búningahöfundar, bæði í samningum við leikhúsin og við framleiðendur kvikmynda, sjónvarpsþátta, heimildarmynda, skemmti- og fræðsluefnis.
- Kvikmyndatökustýrur og stjórar, og klipparar, og þá einkum í samningum við framleiðendur.
- Teiknarar og myndlýsendur, og þá einkum í samningum sínum við bókaútgefendur og/eða dreifingaraðila.
- Ljósmyndarar, teiknarar og myndlýsendur, og þá einkum í samningum sínum við námsgagnaútgefendur.
- Grafískir hönnuðir, t.d. einkum hönnuðir merkja, (en. logo), hönnuðir kynningarherferða og markaðsefnis, í samskiptum við framleiðendur (auglýsingastofur) og notendur (kúnna).
- Hönnuðir, og þá einkum fatahönnuðir, í samningum við framleiðendur hönnunarlínu.

- Hönnuðir, og þá einkum vöruhönnuðir, í samningum við framleiðendur og dreifingaraðila vöru.
- Ljósmyndarar, og þá einkum í samningum sínum við útgefendur tímarita og fjölmiðlunar.

Að lokum ber að geta þess að ákvæði hér um viðurlög og lögsögu er afar mikilvæg, eins og nefnt hefur verið í öðrum athugasemdum hér að ofan. Höfundum verður að vera gefinn skýr kostur á að rifta samningum, og þau réttindi sem 3. kaflinn gefur höfundum, verður að hafa afturvirk áhrif, þannig að hann gildi einnig um þá samninga sem þegar hafa verið gerðir, amk til einhverra ára eða áratuga. Höfundarnir sjálfir, og sérstaklega höfundar sjónlistar, eru oft á tíðum sjálfstætt starfandi einyrkjar sem standa frammi fyrir tekjuóöryggi og verkefnamissi og hafa oft á tíðum ekki persónulega né fjárhagslega burði til að reka mál fyrir dómstólum til þess að fá úr skorið úr um réttindi sín. Að því sögðu telur Myndstef að það yrði afar þakklátt og mikilvægt að löggjafinn haldi vel á spöðunum hér og reyni að auka og efla samtal í þá áttina að sem flest ágreiningsefni verði leyst í sjálfum lagatextanum, eða í greinargerð þar með.

### 48. Er þörf á við innleiðingu ákvæða í 3. kafla IV. bálks tilskipunarinnar að hafa sérákvæði um mismundi hópa rétthafa? Ef svo er hvaða sérákvæða er þörf? Og hvers efnis þyrftu slík ákvæði að vera? Sjá frekari spurningar um einstök ákvæði kaflans hér að neðan.

Já, það er þörf á að innleiða ákvæði sérstaklega úr þessum kafla m.t.t. til mismunandi hópa rétthafa. Einkar mikilvægt er að gagnsæiskrafan í 19. gr. verði innleidd með skýrum hætti og að þar séu tekin til álita flest þau álitamál sem hafa komið upp í hverju fagi lista. Öll þau viðmið og úrræði sem höfundum og flytjendum eru veitt með kaflanum í heild sinni byggja á forsendum gagnsæis og því stendur og fellur kaflinn á því hvort rétt og skýrt sé staðið að innleiðingu þess.

Margar sameiginlegar forsendur gilda um samningagerð innan fags sjónlistar, sbr. einkum það sem hefur verið nefnt hér í kaflanum að ofan. En fög sjónlistar eru komin mislangt og réttarstaða höfunda þar mismunandi en oft hafa ákveðnar vinnureglur skapast í faginu, myndhöfundi og sjónlistarmanni til tjóns. Því væri æskilegt að taka mið af því við innleiðingu þessa mikilvæga kafla og auka hér samtal og samráð og leiðrétta margra áratuga óvenju í ýmsum efnum.

**Dæmi um þau sérstöku tilvik sem þarf að hafa í huga við innleiðingu, að mati Myndstefs.**
Ekki er um tæmandi talningu að ræða, heldur atvik og tilvik sem félagsmenn og aðildarfélög Myndstefs hafa veitt athygli Myndstefs á. Margt af þessu verður ekki tekið á með lögum, eða leyst með lagasetningu, en þó telur Myndstef mikilvægt að koma þessum sjónarmiðum á framfæri við ráðuneyti menningar og lista. Sumt af þessum atriðum má hafa í huga við innleiðinguna, og jafnvel væri hægt að nota þessar skýringar í greinargerð þar sem við á.

Að auki fela þessi atriði í sér ráðleggingar frá fagfélögunum sjónlistar í nágrannalöndum okkar, einkum í Frakklandi, Austurríki, Þýskalandi, Noregi, Danmörku og Svíðþjóð, en lögfræðingur Myndstefs hefur setið fjölmarga fundi síðustu árin við kollega Myndstefs.

- **<u>Sérákvæði vegna bókaútgáfu og réttinda myndhöfunda</u>**

- Það þarf að tryggja að höfundar (rithöfundar og myndhöfundar) sitji jafnfætis við borð gagnvart útgefanda þegar um myndlýstar bækur er að ræða og tryggja að gagnsæis sé gætt við báða höfunda. Einnig þarf almennt að tryggja að gerðir séu samningar í þessum efnum.
- Samningar bókaútgefanda og myndskreyta/myndhöfunda/myndlýsenda eru í algerum lamasessi og það ríkir ákveðin „villta vesturs stemning“ í þessum málum. Ef gerðir eru samningar eru þeir óljósir og óskýrir, þeir tryggja ekki viðeigandi og hlutfallslega þóknun, þeir eru ekki skýrir um gagnsæi og ekki er gert ráð fyrir viðbótargreiðslum ef verkið verður notað meira en áætlað eða öðlast mikilla vinsælda (þ.e.a.s. ef í ljós kemur að þóknunin, sem

upphaflega var samið um, er hlutfallslega lág í samanburði við allar síðari tekjur sem hljótast af hagnýtingu verkanna).

- Líftími barnabóka og annarra ríkulegra myndskreyttra bóka, er oft talinn lengri en annarra. Oft er um "kaffiborðs" bækur að ræða eða barnabækur sem fá uppfærðan markhóp á ári hverju, eða jafnvel námsbækur sem eru endurútgefnar nánast árlega. Það þekkist og tíðkast að rithöfundurinn, útgefandinn, dreifingaraðilin og jafnvel ritstjórinn, séu þeir einu sem hagnist á vinsælum bókum. Samningar um endurprentun og endurútgáfur, breyting á miðli og formi, þurfa að vera mun skýrari.
- Það þarf að tryggja að myndhöfundar sem þiggja eingreiðslu vegna verkefnis séu þó virtir sem höfundar myndverkanna. Hér tíðkast það í faginu að útgefendur reyni að semja við myndhöfund um eingreiðslu (sem er yfirleitt lygilega lág) og vilja í sama samningi (sem oft er bara nokkrar línur) fá framseldan allan höfundaréttinn. Í því felst einnig að gagnsæi og tilkynningarskylda er nánast engin af hendi útgefenda en telja þeir sig ekki bera skyldu til að tilkynna um endurútgáfur eða not á öðrum markaði eða í öðru formi (t.d. rafbók). Að auki telja þeir sig ekki þurfa að tilkynna um upphaflegt upplag, áætlaðar sölutölur, dreifingarleiðir eða aðrar upplýsingar sem skipt geta máli við upphaf samstarfsins.
- Ofan á þetta hefur nafngreining myndhöfunda í útgáfusamningum verið afar ábótavant. Þetta atriði skiptir miklu máli við sýnileika verkanna og viðurkenningu listamannsins, en einnig vegna fjárhagslegra réttinda höfundarins. Tekjur vegna útlána bóka á bókasöfnum geta t.d. minnkað, eða jafnvel ekki runnið til myndhöfundarins, ef nafngreining er ekki skýr.
- Hér þarf að takmarka framsal skýrt, m.t.t. tækni og óráðinnar framtíðar í þeim efnum, sérstaklega þá vegna miðils (prentun, hljóðbók, rafbók, 3D, sýndarveruleiki? o.s.fr.).
- Eins þarf að skoða framsal vegna nota á kápumynd, eða öðrum myndum úr bókverkinu. Það þarf t.d. að vera skýrlega takmarkað og það gert að meginreglu um að ekki sé heimilt að framleiða aðra vöru úr myndefnum, t.d. bókamerki, veggspjöld, póstkort o.þ.h. og að rétturinn til aðlögunar haldist hjá höfundi (t.d. til kvikmyndar eða sviðslistar).
- Einnig skiptir hér máli hvað gerist ef og þegar útgefandi verður gjaldþrota, við kennitöluskipti eða stofnun dótturfyrirtækja eða undirleyfishafa, og þá sérstaklega varðandi möguleika á áframhaldandi framsali og hvað gerist við þann lager sem eftir er.
- Tryggja þarf að útgefendur námsgagna og námsrita semji við alla höfunda og að þeir fái sanngjarna, fullnægjandi, viðeigandi og hlutfallslega þóknun. Hér gildir svipað sjónarmið og að framan greinir um t.d. barnabækur og myndríkar bækur. Líftími þessara bóka getur verið umtalsverður og endurprentanir margar. Yfirleitt sér myndhöfundurinn aldrei neina viðbótaþóknun þrátt fyrir síðari tekjur af verkinu og meiri dreifingu, og fær hann heldur ekki upplýsingar um notin.
- Það þarf að gera skýrari greinarmun á framsali vegna afnotaréttar, t.d. þegar áður teiknuð verk eða ljósmyndir eru keyptar af útgefanda, og þegar höfundur skapar verkin frá grunni fyrir tiltekið heildarverk.
- Það þarf að vera skýrt að útgefendur geti ekki átt hluta af lögbundnum höfundarétti, þrátt fyrir samninga um nánast fullt framsal. Þannig geta þeir ekki eignað sér hluta af greiðslum í gegnum Fjölís, IHM eða bókasafnsgreiðslur.
- Ef fullt framsal verður leyft, eða sé í einhverjum tilvikum réttlætanlegt, þá þarf það að vera skýrt að höfundaréttargreiðsla (eingreiðslan) fyrir þannig framsal sé nægilega há til að réttlæta slíkt framsal. Einnig þarf höfundur að geta fært í bókhald þann höfundarétt sem fjármagnstekjur og greitt skatt í samræmi við það, ef hann eða hún kýs svo. Myndstef hefur ráðfært sig við sína félagsmenn um þessi efni, sem og danska teiknara, og telja þeir að um 200-300% hækkun á þeim greiðslum sem nú „tíðkast" geta mögulega réttlátt næstum fullt framsal.

- Í öllum tilvikum framsals í þessum geira, skal framsal ávallt vera tímabundið. Þetta þarf að tryggja.

– **Sérákvæði vegna framleiðslu hönnunar**

- Hér er svokallað „branding“ mjög mikilvægt, en við framsal á slíku skal útkljáð í samningi hvað gerist við vörumerki hönnuðar eftir afhendingu verks/verka. Mun framleiðandi fá einkarétt á vörumerki hönnuðar einnig? Getur hönnuður framleitt áfram undir sínu eigin merki, þrátt fyrir framsal á ákveðinni vörulínu?
- Einnig skiptir hér máli hvað gerist ef og þegar framleiðandi verður gjaldþrota, eða við kennitöluskipti, stofnun dótturfyrirtækja eða undirleyfishafa, og þá sérstaklega varðandi möguleika á áframhaldandi framsali og hvað gerist við þann lager sem eftir er.
- Hér þarf að athuga sérstaklega með lögsögu, enda hönnunarsamningar oft við erlenda framleiðendur og dreifingaraðila.
- Það þarf að gera skýrari greinarmun á framsali vegna afnotaréttar, t.d. þegar áður hönnuð verk eru keypt af framleiðanda, og þegar höfundur hannar verkin frá grunni.
- Hér þarf að skoða einnig og sérstaklega framsalssamninga milli frumhönnuðar og framleiðenda, og svo þegar annar höfundur/hönnuður stígur inn í verkefnið. Hvernig fer þar með upplýsingaskyldu, og hvar skarast framlag frumhönnuðar og seinni hönnuðar? Getur seinni hönnuður byggt á hönnun frumhönnuðar? Hvernig fer þá með nafngreiningarréttinn og þóknun? Og hvað gerist ef sú þóknun sem upphaflega var samið um við frumhönnuð er of lág, miðað við hagnýtingu verkanna síðar meir? Þetta er mjög raunhæft dæmi innan hönnunar, og á sér kannski einkum stað við fatahönnun, eða við grafíska hönnun, sem og í byggingarlist, sbr. til dæmis Olís merkið sem hefur verið í fjölmiðlum að undanförnu.

– **Sérákvæði vegna arkitektúr**

- Hér þarf að huga að samningum við opinbera aðila, vegna byggingarlistar sem gæti talist ákveðinn minnisvarði/einkennismerki opinberlega.
- Sérstaklega þarf að girða fyrir þá þróun að arkitekt framselji öllum höfundaréttinn án sérstakrar greiðslu þar fyrir.
- Hér þarf gagnsæi að vera mjög ríkt, hvað varðar möguleika á breytingum á verki, viðhaldi, viðbyggingum og breytingu á umhverfi.
- Eins þarf að setja í samninga leiðbeiningar um nafngreiningu og samstarf hönnuða við verkið.
- Ef nota á hugmyndir úr samkeppnishugmynd í verkefni tengdum öðrum arkitekt, þarf að vera rík tilkynningarskylda og rétturinn til viðeigandi og hlutfallslegrar þóknunar höfundar hugmyndar að vera skýr.

– **Sérákvæði vegna kvikmyndagerðar**

- Hér þarf sérstaklega að hafa í huga ákveðna „óvenju“ sem hefur því miður fest rætur sumst staðar í kvikmyndageiranum hér á landi, sem lýsir sér í því að framleiðendur hafa greiðari aðgang að fjármagni, opinberar leiðir tengdar fjármögnun og aðgang að erlendum fjármögnunaraðilum, sem er oft ógerningur fyrir höfundana sjálfa að fá nægar upplýsingar um. Hér þekkist til dæmis að handritshöfundar, leikstjórar eða skapandi teymi kvikmyndaverks (þ.m.t. leikmynd og kvikmyndatökustjórn) eru tilneydd til að setja allt sitt verkefni og skapandi framlag undir ákveðinn framleiðenda, til þess eins að vera bær til að sækja um í Kvikmyndasjóð. Án styrks frá Kvikmyndasjóði er nánast ógerlegt að framleiða kvikmynd fyrir alþjóðlegan markað. Fyrsta verk leikstjóra eða leikstýru er yfirleitt háð mestum vandkvæðum, því án nafns framleiðenda fengi kvikmyndin aldrei styrk úr KMÍ. Framleiðendur fá svo 25% af endurgreiðslu af ákveðnum VSK tengdum kostnaði, beint úr ríkissjóði, og geta hagað fjárhagsáætlun út frá því. Stundum skipta þessir fjármunur tugi

milljóna króna. Endurgreiðsla sú sem þættirnir Katla hlutu á sínum tíma hleypir á nokkuð hundruðum milljóna. Ofan á þetta er svokallaður „miðastyrkur“ sem framleiðendur fá, þ.e. 20% hlutdeild af hverjum seldum miða í bíó eftir 20.000. Myndstef telur að löggjafinn eigi sérstaklega að líta til þessa, þegar skoðað er hinn sívaxandi bransi kvikmyndagerðar á Íslandi í dag. Þarna hefur fjármögnun og samningsstaða íslenskra framleiðenda orðið sterkari síðustu ár, sem er gott mál, en ekki á meðan það er á kostnað höfundanna. Vonandi nær 19. – 20. gr DSM tilskipunarinnar að rétta af þessa þróun, og skapa sanngirni, jafnræði og traust aftur á milli höfundanna og framleiðendans, sem í raun hvorugir geta án hvors annars verið.

- Þeir hlutar af framseldum höfundarétti sem er framleiðanda ekki nauðsynleg vegna fjármögnunar og dreifingu heildarverks, skal vera skýrt undanþegið í samningi. Hér getur átt við aðlögun verks á svið, afleidd verk eins og „re-make“ og „spin off“, söluvarningur, o.s.frv. Það þarf að verða meginreglan að þessum réttindum sé ekki framselt nema með skýrri heimild þar um.
- Hér þarf einnig að skoða þá kvikmyndagerð sem er sérstaklega miðuð að börnum (teiknimyndir, sjónvarpsþættir (eins og Stundin okkar) ofl) og þegar á sér stað mikil framleiðsla söluvarnings byggða á persónum verksins og útliti (búningahönnun).
- Enn fremur þegar kvikmynd er byggð á bókverki sem er myndlýst, þá þarf að huga að réttindum myndhöfundarins.
- Hér þarf einnig að huga að lögsögu, enda kvikmyndaverk oft meðframleidd af erlendum aðila.
- Það þarf að gera skýrari greinarmun á framsali vegna afnotaréttar, t.d. þegar áður sköpuð verk eða ljósmyndir eru notuð inn í leikmyndina, eða þegar hönnuður skapar verkin og leikmyndina, búningana o.s.frv., alveg frá grunni.

– **Sérákvæði vegna ljósmyndunar**

- Það þarf að gera skýrari greinarmun á framsali vegna afnotaréttar, t.d. þegar áður sköpuð verk eða ljósmyndir eru notuð, eða þegar ljósmyndari skapar verkin alveg frá grunni að beiðni notanda.
- Hér þarf einnig að taka á notkun og útgáfu ljósmynda í gegnum myndabanka. Hvernig þóknun vegna höfundaréttar sé háttað og skiptingu fjármuna, hvernig not eru heimild og tímabinda samninga þar um.

– **Sérákvæði vegna sviðslistar**

- Tryggja þarf að framsal sé takmarkað við ákveðið tímabil, t.d. fjölda leikára
- Tryggja það hver kemur fram fyrir hönd leikshóps þar sem allir í leikhópi teljast höfundar.
- Einnig svipuð sjónarmið og að ofan um leikmynda og búningagerð, í kvikmyndum.

### 49. Í íslenskri þýðingu tilskipunarinnar eru orðin „appropriate“, sbr. t.d. fyrirsögn 18. gr., og „relevant“ bæði þýdd sem „viðeigandi“, sbr. t.d. 1. mgr. 19.gr. – skiptir það máli efnislega?

Myndstef telur að hugtakanotkun geti skipt gríðarlegu máli við innleiðingu kaflans, enda óvarlegt að innleiða almenn og óljós ákvæði eða hugtök í þessum efnum sem jafnvel gætu gert slæmt ástand enn verra.

Þau ófyrirséðu atvik og þær leiðir sem löggjafinn sér ekki fyrir í framtíðinni, og jafnvel hvorki höfundar né framleiðendur, verða að vera þess eðlis að þau rúmist samt skýrt og afmarkað innan lagatextans, og að lagatextinn hafi raunverulega bætandi réttaráhrif á stöðu höfunda – eins og honum er ætlað að gera samkvæmt framkvæmdastjórn ESB. Til dæmis væri eðlilegra að bæta frekar

við hugtaki, en að taka undan, sbr. svör hér að neðan. Ella væri gott að skoða hvort þýða eigi „appropriate“ sem “fullnægjandi”?

### 50. Við hvaða aðstæður getur eingreiðsla talist vera „viðeigandi og hlutfallsleg þóknun“? Hvernig geta samningsaðilar metið hvort eingreiðsla sé „viðeigandi og hlutfallsleg þóknun“ ef samningsaðilarnir vita ekki fyrir víst hvaða tekjur verði af notkun verksins?

Hér er einnig spurning við hvaða mælieiningu skal miða, þegar meta á þessi hugtök. Það getur verið ólíkt mat á því hvaða „tekjur“ verði af verkefni – t.d. skal miða við framleiðslu eintaka og kostnað af þeim? Eða dreifingu og sýnileika? Eða stærð upplags? Hér er jafnvel spurning hvort ekki ætti að bæta við hugtakinu „fullnægjandi“ til að hægt sé að gera sér betur grein fyrir því hvort skilyrðum ákvæðisins sé náð.

Að mati Myndstefs er mikilvægt að takmarka framsal skýrt í samningum, tiltaka nákvæmlega til hvaða svæðis og miðla samningurinn nær og tímabinda framsalið. Það mætti ekki hafa framsal sem byggist á eingreiðslu of opið eða víðtækt til að hlutfall sé skert.

Að lokum þykir ljóst í nágrannalöndum okkar, og við innleiðingu þessa kafla þar, að það virðist ekki sami skilningur á hvað þessi hugtök þýða annars vegar fyrir framleiðendur og hins vegar höfunda. Það er mikilvægt að hugtakið „hlutfallsleg“ sé sett í lögin. Það er sterkara hugtak en „sanngjarnt“ og „viðeigandi“. Hér getur líka skipt máli varðandi alla þá höfunda sem eiga hlut í höfundaverkinu. Hvað er hlutfallsleg þóknun þegar um marga höfunda ræðir?

### 51. Hvernig á að meta samninga um notkun án endurgjalds, sbr. formálsgrein 82, með hliðsjón af 18. gr. og 20. gr.?

Að mati Myndstefs mætti tiltaka að slík samningagerð sé heimil, enda um samningsfrelsi að ræða, en þá væri enn mikilvægara að slíkt framsal sé tilgreint og takmarkað nægilega í samningum. Til dæmis hvað varðar miðlun, tímabil og svæði, og jafnvel skilyrt að eingöngu sé um að ræða afnotarétt, en ekki einkarétt, sem og að framsal eða not til 3. aðila séu gerð algerlega óheimil.

Eins væri þá mjög mikilvægt að nafngreiningarrétturinn og aðrir hlutar sæmdarréttarins séu virtir í hvívetna við slík framsöl, og lögð rík skylda á framleiðanda að virða slík réttindi.

Þá gæti svo verið hugmynd að láta eitthvað kerfi eða viðmið eiga hér við, þannig að ef og þegar peningar eða hagnaður myndast, þá fái höfundar verksins greitt. Eða tímaviðmið, þannig að ef not verksins á sér enn stað eftir ákveðinn fjölda ára, þá fái höfundur greitt.

### 52. Er munur á milli „appropriate and proportionate“ (þýtt sem „viðeigandi og hlutfallslegt“) þóknunar í 18. gr. tilskipunarinnar og „appropriate and fair“ (þýtt sem „viðeigandi og sanngjarnt“) þóknun í 20. gr. tilskipunarinnar

Já, það er munur, en að þessu leiti til virðist mögulega 18. gr. vera „sterkari“ en 20. gr. Það þarf að halda þessum muni inn í innleiðingunni.

Skoða mætti þessi hugtök og hvort hægt verði að færa sér það í nyt að hugtökin séu það teygjanleg og matskennd, sbr. það sem kemur fram að ofan. Slíkt ætti að reyna að girða fyrir.

Reyna þarf að komast hjá því að orðið „sanngjarnt“ sé notað yfirhöfuð í innleiðingunni. Þetta er mikið „prinsipp“ mál, og hugtakið orðið mjög gildishlaðið og merking þess orðin rýr í dag.

### 53. Er orðalag 1. mgr. 20. gr. um „samning … um hagnýtingu réttinda“ (e. contract for the exploitation of rights) víðtækara en orðalag 1. mgr. um að „veita nytjaleyfi eða framselja einkarétt sinn til hagnýtar á verkum“ (e. license or transfer their exclusiver rights for the exploitation of … works) eða felst einhver merkismunur í þeim?

Það ætti ekki að vera munur ef ná á raunverulegum réttaráhrifum kaflans. Þetta þarf að vera alveg skýrt, þ.e.a.s. að kaflinn nái bæði utan um framsal að hluta og framsal að öllu leiti, og þegar höfundur

þiggur eingöngu eingreiðslu, og svo að lokum þegar um er að ræða afnotasamninga eingöngu (þegar ekki eru framseldur einkaréttur, heldur afnot).

Hvers konar tegundir framsals verða að eiga þarna undir, að mati Myndstefs. Önnur túlkun eða önnur framkvæmd gæti orðið varhugaverð á sviði skapandi greina, og gæti grafið undan framlagi höfunda og virkað allt annað en hvetjandi á starf höfunda og þeirra framlag og ráðstöfunarrétt (einkarétt).

Þetta er m.a. mjög mikilvægt hjá ljósmyndurum sem framselja oft afnotarétt fremur en einkarétt. Eins er þetta mjög mikilvægt hjá myndlýsendum (myndskreytum), teiknurum, hönnuðum, leikmyndahöfundum, ofl. sem þiggja oft eingreiðslu fyrir sitt framlag, til hagræðingar við framleiðslu verksins. Slíkt fyrirkomulag um eingreiðslu má ekki rýra mögulegar framtíðartekjur þeirra höfunda, amk ekki á meðan upphæð eingreiðslunni er jafn lág og framkvæmd er til, hér á landi. Ef við færum að sjá eitthvað nálægt þeim greiðslum sem þessir höfundar fá t.d. í Bankaríkjunum eða Bretlandi, þá gæti dæmið litið öðruvísi út. En við erum ekki komin þangað – og ekki einu sinni nálægt því.

### 54. Hvað teljast viðeigandi upplýsingar skv. 19. gr? Væntanlega er það misjafnt eftir geirum; á það að koma fram í löggjöfinni og þá hvernig?

Hér þykir Myndstef ekki nægilega skýrt hvort 1. mgr. 19. gr. eigi einnig við ef um fullt framsal ræðir? Hér gilda að mati Myndstefs sömu sjónarmið og að ofan í spurningu 53, að mikilvægt er að hvers konar framsal eigi hér undir.

Þarf notandi að tryggja gagnsæi og þær upplýsingar sem 19. gr. ræðir um, þrátt fyrir að um t.d. bókaútgáfu sé að ræða sem greitt hefur með eingreiðslu fyrir verkin?

Það er mjög mikilvægt myndhöfundum og myndlýsendum að skylda útgefanda til að gefa a.m.k. ákveðnar lágmarksupplýsingar í þessum efnum, t.d. að upplagstölur komi fram í samningum, sem er þá áætlun á fyrstu prentun bókarinnar, auk lágmarkseintakafjölda, tilkynningar um endurprentanir og annað. Það er alger forsenda þess að þessi ákvæði feli í sér einhverja réttarbót fyrir þessa höfunda. Því betri og ítarlegri leiðbeiningar þeim mun betra, sem getur þó vissulega verið mismunandi eftir geirum.

Hér gæti verið sniðugt að allur bransinn komi á samtali, og komi sér upp almennum reglum um hvaða upplýsingar eigi að liggja fyrir í hverju fagi fyrir sig. Þá er allt upp á borðum – bæði gagnvart höfundum og einnig gagnvart framleiðendur og útgefendum.

Hér er enn fremur mikilvægt að tryggja að ALLIR höfundar hafi aðgang að þeim upplýsingum sem þeir þurfa, miðað við hvað sé nauðsynlegt til að tryggja störf og vinnu í sínu fagi. Rökin „þetta eru staðlaðir samninga“ og „þetta á ekki við í þessu tilviki“ verða að víkja, að mati Myndstefs. Til þess er þessi tilskipun sett, því þessi „rök“ hafa viðgengist of lengi.

Að mati Myndstefs geta dæmi um viðeigandi upplýsingar fyrst og fremst verið:

- Upplýsingar um heildsöluverð
- Upplýsingar um upplag, og jafnvel upplýsingar um eitthvert lágmarksupplag eða þak
- Tekjur af sölu
- Sýningatölur
- Framleiðsla/prentun eintaka og sala eintaka
- Upplýsingar um sölustaði (sérstaklega m.t.t. hönnunar og bókaútgáfu)
- Að höfundar fái aðgang að fjárhagsáætlun/framleiðsluáætlun verkefnis ef um stórt verkefni er að ræða, eins og kvikmynd – skoða sjónarmið varðandi „skapandi bókhald“? T.d. að það séu einhver viðmið um það hvernig svona fjárhagsáætlun er framsett? Hvenær er kostnaði verkefnis náð, og hvenær er hreinn gróði – hvar eru mörkin?
- Frumkvæðisskylda framleiðanda/útgefanda
- Tímamörk – t.d. skil nokkrum sinnum á ári, eða mánaðarlega eða árlega?

- Viðurlög og riftun, og tilkynningarskylda, áminning ofl.
- Endurskoðun/bókhald. Er bókhald í höndum viðurkennds aðila?

### 55. Hvernig eiga handhafar réttinda skv. samningi sem hafa leyfi til notkunar fjölda verka, þ.m.t. verka með fleiri en einum höfundi, að uppfylla kröfur um gagnsæi skv. 19. gr.?

Það mætti hvetja til þess að höfundar skilgreini sjálfir sinn hlut í hverju verki, bæði sín á milli og gagnvart framleiðenda og útgefanda, og jafnvel skipi sér sérstakan forsvarsmann þegar og ef verk eru flókin eða með framlagi margra höfunda. Þetta á til dæmis við í stærri heildarverkum, þá sérstaklega í auglýsingaefni, kvikmyndagerð, sviðslist, hönnunarteymisvinnu og tónlist. Þannig gæti krafan um gagnsæi verið auðveldari fyrir framleiðenda og útgefanda, ef einn ábyrgðarmaður eða fulltrúi kemur fram fyrir hönd hópsins.

### 56. Hvernig skal fara með tilvik þar sem „viðeigandi“ upplýsingar til höfunda og/eða flytjanda teljast viðskiptaleyndarmál leyfishafa?

Þó einhverjar upplýsingar geti talist til viðskiptaleyndarmáls, sem tekur Myndstef undir þau sjónarmið að einhverju leiti, þá er þar að mestu átt við um launamun, viðskiptagreiða og velvild sem eru notaðir og verðmerktir, sem og viðskiptatengsl, víkjandi kostnaður og fleira sem sést ógreinilega í kostnaðaráætlun verks. Slík sjónarmið geta átt rétt á sér og geta skipt máli við framleiðslu.

Með ákvæðinu verður þó að tryggja rétt höfunda til að fá amk þær upplýsingar sem gætu snert heildartekjur til viðkomandi höfundar, og annað sem snertir sölu á verkinu og tekjuaukningu. Eða amk að fá upplýsingar hvað varðar heildartekjur verkefnisins og hvaða kostnaður fer í ákveðnar vörður og stoðir verkefnisins.

Skoða þyrfti þau sjónarmið hvað varðar „launaleynd“. Alþingi er að vinna að því að afnema launaleynd hjá opinbera geiranum. Opinberi geirinn setur fyrirmyndina fyrir einkageirann (vonandi), og virðist stefnan í dag almennt vera sú að færa sig meir nær gagnsæi og jafnræði, á öllum sviðum þjóðfélagsins.

„Viðskiptaleynd“ á einkum við milli tveggja samkeppnisaðila – t.d. tveggja framleiðanda, en síður á milli þeirra höfunda eða þeirra í teyminu sem vinna innan sama verkefnis, né milli framleiðenda og höfunda. Þá ætti í raun ekki að vera um „leynd“ að ræða.

### 57. Samkvæmt formálsgrein 74 þá er gagnsæiskröfunnar ekki þörf eftir að notkun hefur verið hætt. Hvernig eiga höfundar eða flytjendur að geta greint á milli tilvika þar sem notkun hefur verið hætt og tilvika þar sem notkun er enn til staðar án þess að upplýsingar séu gefnar um slíkt?

Kannski væri þó möguleiki að framleiðandi sendi enn upplýsingar og virði gagnsæisregluna, þó svo að í raun séu engar tekjur að koma af verkefninu. Þetta ætti einkum við ef verk er enn aðgengilegt almenningi en skapar ekki tekjur.

Að öðrum kosti er erfitt fyrir höfund að vita hvenær „notum sé hætt“. Hér þyrfti eflaust að koma á ákveðnu stöðluðu kerfi, til dæmis staðlaðri yfirlýsing frá framleiðenda um að notkun sé hætt. Hér gæti högundaréttarsamtök viðeigandi greinar verið góður kostur til að snúa sér til. Og gætu verið með milligöngu í þessum málum og hýst slíka staðlaða yfirlýsingu. Með slíkri yfirlýsingu yrði ábyrg færð yfir á framleiðanda ef notum er svo haldið áfram. Eins kæmi til greina að senda „0 skýrslu“ þegar engar tekjur verða af verkefninu, og ef slík skýrsla hefur verið send samfleytt í 3 ár, megi gera ráð fyrir því að not séu hætt.

Hér eru nokkrir kostir færir, en það þarf að mati Myndstefs að vera skýrt um viðurlög, og að skýrt sé kveðið á um hvernig fer um slík tilvik þegar framsal til 3. aðila eða undirleyfishafa hefur átt sér stað, og hver ber þá ábyrgð á að koma upplýsingum til skila og meta það hvort „notum sé hætt“?

### 58. Hvernig ætti beiðni um upplýsingar til undirnytjaleyfishafa, sbr. 2. mgr. 19. gr., að vera sett fram, og hvernig á að miðla upplýsingum frá undirnytjaleyfishafa til höfunda eða flytjenda eða fulltrúa þeirra, t.d. beint eða óbeint í gegnum aðalleyfishafa?

Mikilvægt er að slíkar beiðnir geti borist beint til bæði undirleyfishafa og aðalleyfishafans og þeim beri þá skylda til að koma beiðninni áfram á rétta aðila, miðað við þeirra eigin stjórnsýslu, en að ábyrgð eða skriffinnska þess efnis sé ekki lögð á höfund. Einnig er mikilvægt að ábyrgðin sé að endingu hjá aðalleyfishafanum, þar sem sá aðili er yfirleitt með fjárhagslegu áhættuna og ábyrgðina, og hægt sé að beita viðurlögum í einhverjum ákveðnum tilvikum. Hér hafa skaðleysisákvæði verið að tröllríða fagi skapandi greina og mikilvægt að reyna að girða fyrir ofvöxt þess, eða amk tryggja að þau séu notuð rétt. Í dag er raunin sú að höfundar hafa oft ekki hugmynd um hvert eigi að leita, eða hvert eigi að beina kröfum sínum, og gefast því oft upp. Stærstu aðilarnir beita skaðleysi, og vísa á vinnuveitenda höfundar, sem eðlilega er oft erfiðara að beina kröfum til. Þetta þyrfti að skoða, að mati Myndstefs, og hvernig þessi framkvæmd geti orðið gagnsærri og hagkvæmari, fyrir alla aðila.

Hjá Myndstef eru verkferlar venjulega þannig að kröfum er fyrst beint til sýningaraðila (sem er þá undirleyfishafi), sem er þá gagnsærra m.t.t. höfundar (sem veit oft ekki hver veitti fyrst leyfið, en sér þá hver er sem sýnir og /eða birtir verkið ólöglega). Undirleyfishafa er þá gert skylt að annað hvort áframsenda erindið á þann sem ber ábyrgð og veitti upphaflegt leyfi, eða sýna fram á skaðleysi, ef svo á við. Ella geti endurkröfukrafa kviknað.

Eins og fyrr segir er eðlilegra að mati Myndstefs að höfundur geti jafnvel snúið sér beint til beggja aðila, miðað við að þekking höfundar á hver hefur fengið framselt undirleyfi og hver ekki, getur oft verið á huldu fyrir höfund.

### 59. Á Ísland að nýta sér möguleikann í 3. mgr. 19. gr. til að takmarka upplýsingaskylduna við þær tegundir og það umfang upplýsinga sem búast má við að unnt sé að láta af hendi með góðu móti á grundvelli hagsmunamats m.t.t. rekstrarlegs álags vegna skyldunnar og þeirra tekna sem hagnýting verksins eða listflutningsins skapar? Ef svo væri hvenær ætti sú takmörkun rétt á sér? Hvenær ætti að telja rekstrarlegt álag vegna upplýsingaskyldunnar óhóflegt? Hvers kona upplýsingar og í hvaða umfangi skulu teljast hæfilegar upplýsingar svo unnt sé að beita takmörkunarheimildinni?

Nei, það ætti ekki að nýta sér þessa takmörkun, nema þá helst með því að afmarka hana vel þar sem hún er of matskennd og of óljós, og gæti leitt til óskýrleika í þessum efnum.

Listsköpun á Íslandi oft á tíðum ríkisstyrkt, eða amk styrkt einhverjum styrkjum, sem ætti að ala af sér ákveðið gagnsæi, og að mati Myndstefs ættu slík verkefni að hafa allar tölur upp á borðum – og þá einkum stór verkefni á sviði kvikmyndagerðar, sem bæði hljóta fullan styrk úr KMÍ og einnig fulla endurgreiðslu.

Að mati Myndstefs skal í því samhengi hafa í huga að þeir höfundar sem fá minni tekjur innan verkefnis hafa jafnvel meiri þörf fyrir upplýsingarnar. Oft eru persónuleg sjónarmið hér einnig að baki höfundar, sem þarf að taka í myndina.

### 60. Hvaða sérstöku aðstæður í mismunandi geirum skal litið til við innleiðingu upplýsingaskyldunnar? Ætti slíkt að vera gert með löggjöf sem tekur mið af einstökum geirum eða á annan hátt?

Dæmi er að sérstakar aðstæður eftir geirum skapar mismunandi köllun eftir upplýsingum, en einnig vísast í þau atriði sem hafa verið nefnd hér að ofan – þá einkum svör við spurningu 48. Einnig mætti skoða hvort setja eigi sérstaka og strangari skyldu á þá geira (eða þau einstöku verkefni) sem fá opinbera styrki, til dæmis þannig að verkefni sem er fjármagnað yfir 50% úr ríkissjóði hafi mögulega ríkari upplýsingaskyldu. Hér má einkum nefna styrki úr Sviðslistasjóði, Kvikmyndasjóði og Bókmenntasjóði, og þeir sem hafa rétt á endurgeiðslu (útgáfa hjóðrita, útgáfa bókmennta, og kvikmyndir).

Ef velja ætti örfá atriði sem skipta einhver fög sjónlista meira máli að fá upplýsingar um ákveðna hluti, en önnur, má nefna (þetta er eingöngu dæmi, annars vísast í svar við spurningu 48):

a. Bókaútgáfa - að allir höfundar sitji jafnfætis að borði, og upplýsingaskyldan nái til þeirra allra. Mikilvægt líka að dreifingarsamningar séu gagnsæir og höfundur fái upplýsingar um hvar verkinu sé dreift.
b. Hönnun - hér er algengt að framleiðandi veiti undirleyfi, og þarf því að skoða sérstaklega hvernig aðalleyfishafi uppfyllir upplýsingaskyldu sína skv. 2. mgr. 19. gr.
c. Kvikmyndagerð - mikilvægt að gagnsæi sé ríkt á sýningar og dreifingarplani.
d. Sviðslist - áhorfendatölur mikilvægar.

### 61. Ætti Ísland að nýta sér möguleikann á að takmarka upplýsingaskyldu þegar framlag höfundar eða listflytjanda er óverulegt, sbr. 4. mgr. 19. gr? Ef svo væri hvenær ætti að telja framlag höfundar eða listflytjanda óverulegt?

Það er spurning hvort að fyrirvarinn sé nægur: *"nema höfundurinn eða listflytjandinn sýni fram á þörf sína fyrir upplýsingarnar til að geta nýtt réttindi sín skv. 1. mgr. 20. gr. og óski eftir að fá upplýsingarnar í þeim tilgangi."*

Að mati Myndstefs, og eins og oft áður í þessari umsögn með óskýr hugtök, þykir óvarlegt að setja þarna einhver mörk sem geta verið teygjanleg og loðin eftir þörfum. Hugtakið "óverulegt" er of óljóst og matskennt.

Hér er mikilvægast að ekki sé hægt að takmarka upplýsingaskyldu gagnvart neinum þeirra sem séu aðilar að samningssambandi við framleiðenda vegna tiltekins verkefnis, nema þannig að þeim sé skylt að skipa sér fulltrúa svo upplýsingaskyldan verði ekki of þung, sbr. svar við spurningu 57.

En aðrir, og sérstaklega þeir sem eru í beinu og jafnvel fastráðnu launasambandi við framleiðenda, t.d. umbrotsmanneskja, ritstjóri osfrv., geti takmörkun á upplýsingaskyldu átt sér stað um.

Myndstef veltir því fyrir sér hvernig fer með það þegar sum félög eru með kerfi um ákveðinn "botn" vegna úthlutunar til höfunda. Í þeim tilvikum er einhver lágmarskfjárhæð sem höfundur þarf að ná til að fá úthlutað. Það er spurning hvort þetta stangist á við kaflann.

### 62. Ætti Ísland að hafa sérákvæði um upplýsingaskyldu vegna samninga sem byggjast á rammasamningum, sbr. heimild í 5. mgr. 19. gr.?

Nei, fyrirvarinn í ákvæðinu sjálfu er eflaust nægur, þ.e. þessi: *"með því skilyrði að þessar reglur standist þær viðmiðanir sem kveðið er á um í 1.–4. mgr."* Lög 88/2019 um meðal annars gagnsæi umsýslustofnana tekur líklega á þessu, og tryggir. Annars mætti alveg skoða hvaða tilvik gætu átt hér undir, og hvað sé nákvæmlega átt við um hugtakið "rammasamningar". Eru þetta eingöngu samningar sem umsýslustofnanir gera eða eru þetta einnig aðrir rammasamningar, t.d. eins og rammasamningur RSÍ og FÍBÚT? Myndstef finnst sjálfsagt að gera slíka staðlaða rammasamninga aðgengilega, og er til dæmis safnasamningur Myndstefs og menningarstofnana og safna aðgengilegur á heimasvæði Myndstefs. Það væri sjálfsagt að um slíkan samning gilti ríkari upplýsingaskylda, að mati Myndstefs.

Arkitektafélag Íslands hefur einnig rammasamning við ríki og sveitarfélög, og ýsma staðlaða samkeppnisstaðla sem svo verksamningar byggja á þegar arkitekt er ráðinn í verkefnið. Það er spurning hvort þetta ákvæði nái einnig yfir slíka samninga.

### 63. Ætti að setja viðurlög við brotum á upplýsingaskyldu skv. 19. gr. og ef svo er í hverju ættu þau að felast?

Já, dæmi:

- Dagsektir. Það mætti skoða fordæmi um dagsektir í byggingargeiranum. Hjá Myndstef er líka sérstökum viðurlögum beitt vegna vanefnda á skilum skilagreinar og greiðslna vegna

fylgiréttar, sbr. áætlun sem er aðfararhæf vegna vangoldinna fylgiréttargjalda, sbr. 7. mgr 25. gr. b. höfl.
- Taka verk úr dreifingu.
- Ef aðaleyfishafi vanefnir skyldu sína að upplýsa um undirleyfishafa (eða beina beiðni um upplýsingar til undirleyfishafa) geti höfundur krafist þess að undirleyfissamningi verði rift.
- Riftun. Hver hefur þá heimild til að rifta? Þetta getur verið mismunandi eftir geirum.
- Skaðabætur. Bara ef um tjón sé að ræða, þá sé almenn klausa um skaðabætur. Hvenær á það við? Spurning hvort almenn lög geti gilt um ef ekki er farið að þeim forsendum sem eru settar fram í upplýsingum á milli aðila. Hér er einnig spurning hvort „tjón" eigi ekki að túlka eins og stungið er upp á í svari við spurning nr. 12. Þ.e.a.s. sem ***skerðing á fjárhagslegum einkarétti/ráðstöfunarrétti höfundar***, en ekki sem beint fjárhagslegt tjón.
- Refsing. Dagsektir teljast vera refsing, en spurnign um harðari aðgerðir.

## Almennt um 20. gr. tilskipunar – Fyrirkomulag til aðlögunar samninga

Sumum greinum skapandi geirans, og þá einkum framleiðslum stærri heildarverka, gæti reynst krafan í 20. gr. erfið, og þá kannski einkum m.t.t. kvikmyndageirans. Við slík verkefni er oft opnað sérstakt fyrirtæki og kennitala fyrir kvikmyndina sem er svo fyrirtæki lokað eftir framleiðslu. Þetta þarf að skoða og ef svo er, hver er nákvæm framkvæmd hér og hvernig þarf að tryggja að 20. gr. gildi þrátt fyrir slíka framkvæmd. Líklegt er að móðurfyrirtæki taki við kvikmyndinni, eða jafnvel dreifingaraðili, og verður þá að vera hægt að beina kröfum jafnt þangað. Hið sama getur einnig átt við í fagi hönnunar þar sem framleiðandi getur breytt yfirbyggingu sinni eða kennitölu. Hér þarf að finna lausnir og auka samtal milli greina og vel getur verið að einhverjar leiðir sem eru nágrannalöndum okkur færar, séu erfiðari eða jafnvel auðveldari í faginu hér á landi, vegna smæðar markaðar en mikillar framleiðslu hugverka.

Hér skiptir einnig máli að taka af allan vafa hvað varðar þá höfunda sem semja um eingreiðslu, sbr. það sem segir hér að ofan í spurningu 54. Það þarf að vera skýrt að 1. mgr. 20. gr. tilskipunar gildir einnig þó um fullt framsal sé að ræða. Ella mun ástand sem minnir á villta vestrið verða enn villtara, þar sem framleiðendur og útgefendur munu þá reyna eftir fremsta megni að gera svokallaða uppkaupssamninga (enska: buy out, fullt framsal) til að stinga sér undan þeirri skyldu sem 1. mgr. 19 tiltekur og þeirra réttar sem 1. mgr. 20. gr. gefur höfundum. Slík þróun yrði mjög til eftirdráttar.

### 64. Er rétt að tengja innleiðingu 20. gr. tilskipunarinnar við ákvæði 47. gr. b höfundalaga um viðbótarþóknun listflytjanda sem hlotið hefur eingreiðslu fyrir hljóðrit af listflutningnum?

Þessi grein kom inn árið 2016. Það þarf einmitt að láta 20. gr. ná almennt yfir eingreiðslukerfið einnig og Myndstef mælir því með að ákvæðið sé endurskoðað m.t.t. 20.gr.

Það er skylda í 47. gr. að láta framleiðenda leggja til hliðar fjármuni til að mæta mögulegum kröfum síðar meir, það er spurning hvort þetta sé hægt að heimfæra almennt yfir á aðra geira.

### 65. Hvernig má túlka hugtakið „óhóflega lág þóknun" í 20. gr. tilskipunarinnar með tilliti til ógildingarheimildar um „ósanngjarna samninga" í 36. gr. samningalaga nr. 7/1936? Þarf að setja sérákvæði í höfundalög til að innleiða ákvæði 20. gr. tilskipunarinnar eða nægir ákvæði 36. gr. samningalaga? Ef sett yrði sérstakt ákvæði í höfundalög hvernig myndi það tengjast ákvæði 36. gr. samningalaga? Gengi ákvæði höfundalaga framar ákvæði 36. gr. samningalaga eða yrði þeim beitt samhliða?

Já, að mati Myndstefs þarf að innleiða sérákvæði til að innleiða efni 20. gr.

36. gr. samningslaga er ekki nægileg að mati Myndstefs í þessum efnum, og hefur ekki nægt hingað til. Eins með hugtakið "ósanngjarnir samningar" í 36. gr. sem telst frekar matskennt og opið. Hvenær á slíkt við?

Hvað á við þegar upphafleg tekjuáætlun fylgir með samningum, sem síðar fer fram úr eða út fyrir, eða einfaldlega stenst ekki? Þetta er mjög algengt og raunhæft dæmi. Getur slíkt leitt til þess að samningar verði "ósanngjarnir" síðar meir? Nei, líklegast ekki eftir orðanna hljóðan, og er því 36. gr. allt of mild og óskýr í þessum efnum. 36. gr. tæki þannig meira til þess ef einhverjar upplýsingar liggja ***ekki*** fyrir, t.d. ef „smáa letrið" var ósanngjarnt, eða reynt af ásetningi eða miklu gáleysi að hylma yfir ákveðnum atriðum. Hins vegar gildir 20. gr. alveg þó samningar hafi verið í raun verið mjög sanngjarnir í upphafi, jafnvel fylgt með nákvæm tekjuáætlun og streymi, en svo hafi ófyrirséðir atburðir (t.d. vinsældir verksins) gert það að verkum að þóknunin sé of lág miðað við þessar miklu vinsældir og sýnileika. Þetta væru t.d. aðstæður sem 36. gr. samningalaga gæti mögulega ***ekki*** tekið til. Þetta þyrfti að skoða, að mati Myndstefs.

Eins væri gagnlegt að skoða hvernig þau lönd sem hafa innleitt þetta hafa leyst þetta. Er hægt að setja hér almenna reglu byggða á 20. gr. inn í höfundalögin, eða reglu um hvert fag fyrir sig? Eins er spurning hvort hægt sé að miða við gjaldskrá umsýslustofnanna, um fjárhæð viðbótarþóknunar. Myndstef hefur sett nákvæma gjaldskrá hér, sem gæti átt við um einhver tilfelli. Hins vegar er gjaldskrá Myndstefs ekki hentug er viðkemur til dæmis framlagi leikmyndahöfundar í kvikmynd, eða framlag þeirra sem eiag sæti í skapandi teymis listaverkanna (t.d. innan leikhúss og/ eða arkitektar/hönnunarteymis).
Hér má sjá gjaldskrá Myndstefs til glöggvunar: https://myndstef.is/gjaldskra/

Spurning er einnig hvort eigi að setja aukna áherslu fremur á að höfundar setji ákvæði í samninga sína tengt þessu efni. Þar koma einnig höfundasamtökin sterk inn í, með fræðslu sinni og þekkingu. Jafnvel væri kannski tilefni til að kynna staðlaða samninga á hinum ýmsu sviðum?

Og að lokum um óskýrleika hugtaka – hvað þýðir hugtakið "óhóflega lág þóknun"? Það þyrfti að skilgreina hugtakið.

### 66. Hver eru tengslin á milli ákvæðis 1. mgr. 20. gr. um „viðeigandi og sanngjörn viðbótarþóknun" og ákvæðis 18. gr. um „viðeigandi og hlutfallsleg þóknun"

Að mati Myndstefs ætti matið í raun að vera sambærilegt, og ekkert sem bendir til þess að annað hugtakið ætti að vera þrengra eða rýmra. Ítrekað er þó enn og aftur í þessari umsögn að hugtök þurfa að vera skýrt afmörkuð og rýmri fremur en hitt, að takmarkanir eða önnur skerðing á einkarétti höfunda séu túlkaðar þröngt og ekki er nægilegt að hugtakið „sanngjarnt" sé eingöngu notað, eða láta það hugtak teljast nægilegt til að lýsa því mati sem þarf að fara hér fram. Ef upplýsingaskylda í 19. gr. er innleidd með fullnægjandi hætti, viðurlög þar tryggð og skyldan gerð skýr gegn bæði höfundum/flytjendum og framleiðendum, verður sjálfkrafa skýrara og auðveldara að leggja mat á hvort þóknun hafi verið „viðeigandi", „hlutfallsleg", „fullnægjandi" eða „sanngjörn". Hér skiptir því öllu máli að innleiðing 19. gr. sé skýr og afdráttarlaus.

67. Ætti í frumvarpi til innleiðingar á tilskipuninni að vera kveðið á um að fulltrúar höfunda eða listflytjenda geti krafist viðeigandi og sanngjarnrar viðbótaþóknunar skv. 20. gr.? Samkvæmt formálsgrein 78 skulu fulltrúar höfunda eða listflytjanda halda trúnað um deili á þeim höfundum og listflytjendum sem þeir eru fulltrúar fyrir svo lengi sem það er hægt.

a. Hvernig er unnt að meta hvort upphafleg þóknun hafi verið hlutfallslega lág í samanburði við síðari tekjur af hagnýtingu verkanna eða listflutningsins án þess að gera grein fyrir hver viðkomandi höfundur eða listflytjandi er?

b. Hvernig er hægt að kveða á um þetta við innleiðingu ákvæðis 20. gr.?

Að mati Myndstefs ætti í einhverjum tilvikum ákveðnir fulltrúar að geta stigið fram fyrir hönd höfunda/flytjenda, en þó þannig að slíkt sé skýrt gagnvart framleiðenda. Skiptir hér innleiðing 19. gr. miklu máli, sem mun þá veita þessum sömu fulltrúum þær upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir til að framkvæmda þetta mat, og mun þá síður koma til álita hvort nafnleysis sé gætt út á við, og eflaust hægt að halda því. Þetta á væntanlega ekki við um rammasamninga, þ.e.a.s. ef umsýslustofnanir stíga fram sem fulltrúar fyrir ákveðinn hóp höfunda og gera rammasamninga, þá þarf eflaust ekki að gefa upp nöfn allra aðila, einkum út á við.

68. Samkvæmt 21. gr. skal það vera valfrjálst fyrir aðila að leysa deilumál utan dómsstóla en samkvæmt 23. gr. og formálsgrein 81 má ekki víkja frá ákvæðum um valfrjálsa málsmeðferð utan dómsstóla í samningum. Hvaða afleiðingar hefur það? Getur einn aðili samnings þá ávallt krafist og þá jafnvel þvingað mótaðila í málmeðferð utan dómsstóla jafnvel þó sá aðili vilji fremur dómstólameðferð?

Hér væri ákjósanlegt að úrskurðarnefnd í 57. gr. geti tekið að sér hlutverkið að leysa úr þessum deilumálum, og þá jafnframt ef deilimál rís um hvort aðili vilji leita til dómstóla eður ei. Það er amk mikilvægt að unnt sé að fara þessa leið fyrst, enda hafa hvorki höfundar né flytjendur oft burði til að fara dómstólaleiðina. Þó er spurning hvort úrskurður úrskurðarnefndar verði bindandi fyrir aðila, því hér á að ríkja málsskotsfrelsi, sem tryggir að aðilar geta alltaf vísað málum sínum til dómstól, og það þó ákvörðun úrskurðarnefndar liggi fyrir. Spurning er væntanlega um kostnað af þessum málum – þarf þá hinn "þvingaði" að bera bæði kostnað af málsmeðferð fyrir úrlausnarnefnd og af dómsmeðferð?

69. 21. gr. tekur ekki til 18. gr. um sanngjarna og hlutfallslega þóknun. Fellst í því að ekki sé sama þörf á að leysa slík deilumál utan dómsstóla? Hver eru tengsl þessa ákvæðis við ákvæði 3. mgr. 26. gr. d höfundalaga um að rétthafar skuli fá viðeigandi þóknun fyrir notkun á réttindum þeirra?

18. gr. tekur ekki til samninga sem sameiginlegar umsýslustofnanir gera, og því er 18. gr. undanskilin. Ákvæðin eru tengd en ákvæðið í höfl. fjallar einungis um réttindi rétthafa innan og vegna samninga umsýslustofnanna við notendur.

*3. mgr. 26. gr. d: Rétthafar skulu fá viðeigandi þóknun fyrir notkun á réttindum þeirra.*

Myndstef þykir sérstakt að 18. gr. sé undanskilin í 21. gr., en 19. gr. (sem 18. gr. í raun byggir á) sé það ekki.

70. Hvernig ætti málsmeðferð skv. 21. gr. að vera?

Eflaust væri hægt að miða við þær reglur sem kveða á um málsmeðferð skv. 57. gr. höfl. Þá þyrfti að útvíkka skyldu úrskurðarnefndar til að geta leitað úrlausnar í þessum málum einnig (en ekki eingöngu málum er varða samningskvaðir).

### 71. Hvernig ætti samspil slíkrar málsmeðferðar og mögulegrar síðari dómstólameðferðar að vera?

Úrskurðir úrskurðarnefndar skv. 57. gr. höfl. eru fullnægjandi á stjórnsýslustigi, en það girðir ekki fyrir að aðilar geti leitað til dómstóla.

### 72. Hver eru tengsl 21. gr. tilskipunarinnar við t.d. ákvæði 4. mgr. 26. gr. e höfundalaga um álitamál um upplýsingaskyldu skv. 1. – 3. mgr. 26. gr. e höfundalaga?

Þær tengjast, en þó fjallar ákvæði í höfl eingöngu um samningskvaðasamninga sem umsýslustofnanir gera. Eins er í 26. gr. e. einungis skylda til að láta af hendi ákveðnar upplýsingar „ef þörf er á“ og „sem fljótt“.

*4. mgr. 26. gr. e - Ef upp koma álitamál um upplýsingaskyldu notanda skv. 1.–3. mgr. má leggja það álitamál fyrir úrskurðarnefnd um höfundarréttarmál skv. 57. gr.] 1)*

### 73. Er þörf á mismunandi innleiðingu þessa ákvæðis eftir geirum?

Þetta er mikilvægt ákvæði fyrir höfunda. Höfundalög hafa þegar að geyma ákvæði um sambærilegt í einhverjum geirum, sbr.:

- Í 2. mgr. 42. gr. höfl. er kveðið á um að höfundur handrits og tónlistar hafi heimild til að rifta samningi ef gerð kvikmyndar er ekki lokið innan 5 ára frá því að höfundur fullnægði samningsskyldum sínum.
- Sambærilegt ákvæði er að finna í 36. gr. höfundalaga sem kveður á um að ef að bókmenntaverk eða myndlistaverk hefur ekki verið gefið út innan 2 ára eða tónverk innan 4 ára frá því útgefandi fékk í fullgert efni frá viðkomandi höfundi, þá er höfundi heimilt að rifta viðkomandi útgáfusamningi.

Hins vegar vantar sambærilega heimild í önnur svið framleiðslu og útgáfu – svo sem hönnunar og arkitektúr. Spurning hvort þessi ákvæði séu hvort eð er nóg og hvort ekki væri réttara að nýta tækifærið og stokka upp í þessu hvort eðer?

*Eins og fyrr segir - samtökin fagna mjög þessu mikilvæga skrefi í samræmingu á réttindum allra höfunda, auknu gagnsæi, auknu jafnræði og jafnari samningsstöðu.*

*Virðingarfyllst,*

*Stjórn Myndstefs*

*Reykjavík, 23. maí 2022*